Íslenskt hugvit í útrás

Lífið ➤ 16



Finnst færeyska hliðin exótísk

Lífið ➤ 18



FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

245. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR | frettabladid.is | ÞRIÐJUDAGUR 8. NÓVEMBER 2022



Sjálfboðaliðar hjá KFUM og KFUK fara yfir og undirbúa gjafir sem fólk hefur gefið í Jól í skókassa sem sendar verða til Úkraínu fyrir jólin. Lokaskiladagur á höfuðborgarsvæðinu er í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28 á laugardag. Íslensku skókössunum verður meðal annars dreift á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Skýrt munstur heimilisofbeldis hjá unglingum

**Hátt í 200 ungmenni hafa leitað í unglingaspjall Stígamóta frá því að það var opnað. 65 prósent vilja ræða ofbeldi í nánu sambandi. Verkefnastýra segir það koma á óvart hversu alvarlegt ofbeldið er.**

lovisa@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Hátt í 200 ungmenni hafa frá því í mars leitað til Stígamóta í gegnum netspjallið Sjúkt spjall en af þeim vilja 65 prósent ræða reynslu sína af ofbeldi. „Krakkar af öllum kynjum nota netspjallið en þegar kemur að reynslu af ofbeldi eru stelpur 93 prósent þeirra sem hafa samband, langoftast sem brotaþolar. Þjónustan er fyrir 13 til 20 ára en meðalaldur þeirra sem hafa samband er 16 ár. Hinn dæmigerði notandi spjallsins er 16 ára stelpa í ofbeldissambandi,“ segir Eygló Árnadóttir verkefnastýra fræðslu og forvarna hjá Stígamótum.

Eygló segir að samkvæmt tölum Stígamóta verði 70 prósent þolenda kynferðisofbeldis fyrir ofbeldinu fyrir 18 ára aldur og segi oft engum frá fyrr en á fullorðinsaldri. „Unglingaspjallinu er ætlað að mæta þessum vanda. Oftast er kynferðislegt ofbeldi til umræðu, en stór hluti óskar einnig eftir samtali um andlegt ofbeldi í ástarsambandi,“ segir Eygló og heldur áfram:

„Þau koma með frásagnir af virkilega grófu ofbeldi og lýsa skýru mynstri heimilisofbeldis í sambandinu, sem kom okkur hreinlega á óvart því þau eru svo ung.“

Hún les upp athugasemd frá einni stúlku: „Þetta er svo skrítið. Ég hef ekkert til að vera föst við hann, ekki barn eða húsnæði en samt líður mér föst. Það hljómar svo auðvelt að fara en er það ekki.“

„Mér finnst áhugavert að þessi stúlka sjái svona skýrt það sem við lesum úr samtölunum. Þetta eru kornungar stelpur, langflestar í foreldrahúsum en upplifa sig samt algerlega fastar í ofbeldissambandi,“ segir Eygló. Þetta varpi sterku ljósi á það hversu snemma ofbeldið byrjar.

Stígamót halda kynningarfund klukkan 13 í dag á skrifstofu sinni þar sem niðurstöðurnar verða kynntar frekar. Segir Eygló að þeirra ósk sé að finna fjármagn til að festa netspjallið í sessi. ■

> „Oftast er kynferðislegt ofbeldi til umræðu.“



Eygló Árnadóttir, verkefnastýra hjá Stígamótum

Nánar á frettabladid.is





Kjartan vann sex titla og er markahæsti leikmaður félagsins í Evrópu frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## KR harmar sín eigin vinnubrögð

aron@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Stjórn knattspyrnudeildar KR harmar þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í tengslum við uppsögn á samningi Kjartans Henrys Finnbogasonar. Þá áréttaði stjórnin að Kjartan hefði aldrei gerst brotlegur við reglur félagsins eða viðhaft einhvers konar háttsemi sem felur í sér agabrot af einhverju tagi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í yfirlýsingu félagsins sem birtist í gær.

Málefni Kjartans hafa verið til umræðu síðan KR nýtti sér uppsagnarákvæði sem kvað á um að ef hann spilaði minna en 50 prósent af mínútum KR í sumar, þá gæti félagið rift samningi hans. Kjartan, sem hefur spilað 242 leiki fyrir KR og skorað 110 mörk, var ósáttur við hvernig staðið var að málum og beið þjálfari félagsins, Rúnar Kristinsson, í viku með að ræða málið. „Við KR-ingar þökkum Kjartani kærlega fyrir hans framlag til félagsins og óskum honum velfarnaðar,“ segir í yfirlýsingunni sem formaðurinn Páll Kristjánsson skrifar undir. ■

## Rannsaka hávaðann í næturlífinu




Þeir Benóný Ægisson og Hannes Sigurðsson, sem báðir hafa talað gegn hávaða næturlífsins í miðborginni, fagna hljóðmælinum sem heilbrigðiseftirlitið hefur sett upp á horni Bankastrætis og Laugavegs. „Þetta er liður í því að bregðast við kvörtunum og sinna rannsóknarskyldu okkar,“ segir Helgi Guðjónsson, verkefnastjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Samkvæmt reglum um hávaða frá fyrirtækjum má hávaðinn ekki fara yfir 95 desíbel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Stóraukin dreifing á Fréttablaðinu

gar@frettabladid.is

**FJÖLMIÐLAR** Dreifing Fréttablaðsins hefur verið stóraukin á síðustu vikum til að bæta þjónustu við lesendur. Blaðastandar hafa verið settir upp í fjölda matvöruverslana, þar á meðal í Bónus og Nettó um allt land.

Þá er blaðið nú einnig fáanlegt í öllum útibúum hjá N1 hringinn í kringum landið, öllum sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu, svo og í anddyri Kringlunnar.

Unnið er að því að fjölga blaðastöndunum til muna á næstu vikum, þar á meðal í enn fleiri matvörubúðum og verslunarmiðstöðvum svo Fréttablaðið verði aðgengilegt fyrir sem flesta landsmenn.

Blaðinu er nú dreift í 75 þúsund eintökum – og er sem fyrr langmest lesna dagblað landsins samkvæmt könnunum Gallup. ■




Ritstjóri Fréttablaðsins, Sigmundur Ernir, dreifði blaðinu til lesenda í Nettó á dögunum. MYND/HEIÐAR




# Íslendingur lést í október úr Creutzfeldt-Jakob sjúkdómi

Á næstliðnum fimmtán árum hafa þrír látist á Íslandi úr hinum afar sjaldgæfa og ólæknandi taugasjúkdómi Creutzfeldt-Jakob. Smitleiðir eru ekki þekktar. Creutzfeldt-Jakob leggst aðallega á fólk yfir miðjum aldri. Íslensk kona lést í október.

gar@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er rétt að sóttvarnalæknir fékk nýlega tilkynningu um að einn einstaklingur hefði látist úr Creutzfeldt-Jakob sjúkdóminum hérlendis á þessu ári,“ segir Anna Margrét Halldórsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði Embættis landlæknis, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Það var kona á sextugsaldri sem lést úr Creutzfeldt-Jakob (CJS) í nýliðnum október.

„Við höfum einnig fengið upplýsingar frá Landspítala um tvo aðra einstaklinga sem létust úr þessum sjúkdómi á síðari árum, annar árið 2020 og hinn árið 2007. Þannig er um þrjá einstaklinga að ræða á 15 árum hérlendis sem við höfum upplýsingar um,“ segir Anna Margrét í svari sínu.

Að sögn Önnu Margrétar er CJS príon sjúkdómur í flokki sjúkdóma sem nefnist „transmissible spongiform encephalopathy (TSE)“. Hún segir mikilvægt að gera greinarmun á hefðbundnum CJS annars vegar og afbrigði CJS, variant CJD, hins vegar.

„Síðara formið hefur verið tengt kúariðu, meðal annars í Bretlandi. Hefðbundinn CJS tengist ekki kúariðu,“ útskýrir yfirlæknirinn.

„Hefðbundinn Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur er mjög sjaldgæfur, en nýgengi er talið um 0,5-1,5 á hverja eina milljón einstaklinga á ári. Langflest hefðbundin CJS tilfelli koma upp tilviljanakennt án þekktrar smitleiðar. Einnig er þekkt sjaldgæft arfgengt form,“ heldur Anna Margrét áfram.

Engin von er um lækningu fyrir þá sem fá Creutzfeldt-Jakob sjúkdóminn. Hefðbundinn Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur kemur að sögn Önnu Margrétar yfirleitt fram hjá einstaklingum sem komnir eru yfir miðjan aldur.

„CJS veldur hraðvaxandi heilabilun og dregur sjúklinga fljótt til dauða eftir að einkenni koma fram, eða á nokkrum mánuðum. Engin þekkt meðferð er til við sjúkdóminum sem hægir á eða stöðvar sjúkdómsganginn, aðeins stuðningsmeðferð,“ segir í svari Önnu Margrétar Halldórsdóttur. ■



Fólk sem veikist af Creutzfeldt-Jakob fær enga lækningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> CJS veldur hraðvaxandi heilabilun og dregur sjúklinga fljótt til dauða eftir að einkenni koma fram.



Anna Margrét Halldórsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði Embættis landlæknis

HONGQI
since 1958

# GÆÐI OG GLÆSILEIKI SÍÐAN 1958




ENNEMM / SÍA / NM012586

Mesta rafbílaúrval landsins stækkar enn meira.
**Við kynnum með stolti: HONGQI E-HS9**, sjö sæta, fjórhjóladrifinn lúxusjeppa með frábærri drægni og meira plássi, tækni og þægindum en þú átt að venjast.

www.hongqi.is

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L


Stangveiddur lax. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

## Borgi seiðin sem ekki var sleppt

gar@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Veiðileyfasala Árna Baldurssonar, Lax-á ehf., hefur verið dæmd til að greiða Veiðifélagi Svartár og Blöndu 21,7 milljónir króna í bætur fyrir að hafa vanrækt að sleppa 132 þúsund laxaseiðum í Svartá.

Lax-á ehf. var með Svartá á leigu frá árinu 2001 til ársins 2019 en þá sagði veiðifélagið samningnum upp. Lögmaður veiðifélagsins í málinu var Jón Steinar Gunnlaugsson, einn leigutaka Svartár áður en Lax-á tók við. ■

## Árlega deyja um sex hundruð úr krabbameini

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** 11.372 Íslendingar hafa látist úr krabbameini á undanförnum 20 árum. Þetta kemur fram í svari Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Evu Sjafnar Helgadóttur, þingmanns Pírata, á Alþingi.

Fleiri karlar hafa látist úr krabbameini, 5.979 á móti 5.393 konum. Langalgengasta krabbameinið sem dregur fólk til dauða er lungnakrabbamein en 2.459 hafa látist úr því á undanförnum 20 árum.

»

**Rúmur þriðjungur var 80 ára eða eldri.**

Þar á eftir koma krabbamein í blöðruhálskirtli, ristli og brisi hjá körlum en brjóstum, ristli og brisi hjá konum. Árlega hafa 569 Íslendingar látist úr krabbameini að meðaltali, 299 karlar og 270 konur.

Dauðsföllunum fer fjölgandi með aldrinum. 3.980 látinna voru 80 ára eða eldri, eða rúmur þriðjungur. 30 börn og ungmenni yngri en 20 ára hafa látist, 21 drengur og níu stúlkur. ■

# Segja rafræna skráningu útiloka fólk

ser@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Forráðamenn Góðvildar, góðgerðarfélags sem vinnur fyrir langveik börn og börn með fötlun, freista nú þess að fá reglur um rafræna skráningu rýmkaðar svo þær komi betur til móts við þarfir fólks með þroskaskerðingu.

„Þessum manneskjum er mörgum hverjum hreinlega útskúfað úr samfélaginu vegna þess að þær festast inni í kerfi sem þær ráða ekki við – og geta fyrir vikið ekki tekið þátt í samfélaginu sem skyldi,“ segir Sigurður Hólmar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Góðvildar en félagið hefur fundað með fulltrúum fjármálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins og forkólfum Stafræns Íslands um mögulegar breytingar á rafrænni skráningu hér á landi.

> **Þessum manneskjum er mörgum hverjum hreinlega útskúfað úr samfélaginu.**
>
> Sigurður Hólmar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Góðvildar

Sem stendur hafa engar ákvarðanir verið teknar til úrlausnar.

„Þetta á líka við um margt aldrað fólk,“ bætir Sigurður Hólmar við, „en það á erfitt með að fóta sig í þessu kerfi. Hvort heldur þegar kemur að þjónustu banka og lífeyrissjóða, eða ef það þarf að endurnýja vegabréfið sitt.

Við heyrum endalausar sögur af þessu alla daga, enda krefjast jafnt bæjarfélög og opinberar stofnanir rafrænna skilríkja, svo og einkafyrirtæki í auknum mæli.“

Sigurður Hólmar segir lausnina fólgna í umboðsmannakerfi. Langveikir einstaklingar, fólk með þroskaskerðingu og aldrað fólk eigi að geta notið liðsinnis vottaðs umboðsmanns sem ráði við rafrænar skráningar í umboði þess.

„Núverandi kerfi gerir ráð fyrir að allir, átján ára og eldri, standi á eigin fótum, en raunin er bara ekki sú í tæknilega flóknum heimi,“ segir Sigurður Hólmar Jóhannsson. ■

# Búa sig undir að yfirgefa Kænugarð

**Borgaryfirvöld í Kænugarði vara við mögulegum brottflutningi allra þriggja milljóna íbúa, skyldu Rússar ná að eyðileggja raforkukerfi borgarinnar. Einn íbúi segir að rafmagnstruflanir hafi breytt daglegu lífi sínu sem sé orðið eins og tölvuleikur.**

helgisteinar@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Íbúar í Úkraínu hafa undanfarnar vikur þurft að búa við miklar rafmagnstruflanir í kjölfar árása rússneska hersins á virkjanir og rafmagnsleiðslur.

Um 40 prósent af orkukerfi Úkraínu hafa orðið fyrir skemmdum í loftárásum Rússa og hefur það einnig haft áhrif á aðgang íbúa að rennandi vatni.

Vítalíj Klytsjko, borgarstjóri Kænugarðs, segir að borgarbúar verði að vera búnir undir að yfirgefa borgina ef allt rafmagn fer af henni til langs tíma. Borgarstjórinn ásakar Vladimír Pútín um hryðjuverk og þjóðarmorð og segir þessar árásir vera skýrt dæmi um viðhorf leiðtogans til íbúa Úkraínu.

„Pútín þarf ekki á Úkraínumönnum að halda, hann þarf landsvæði og þess vegna ásælist hann Úkraínu án okkar. Hann vill að við frjósum í hel eða flýjum land svo hann geti komist yfir það,“ segir Klytsjko.

Yfirvöld segja það nauðsynlegt að geta varað almenning við með tólf klukkustunda fyrirvara ef það stefni í algjört hrun raforkukerfisins. Fari svo verður ekki hægt að halda mörgum nauðsynlegum kerfum gangandi, til dæmis vatnsveitu og skólpkerfum.

Í Kænugarði slær rafmagni annað hvort reglulega út eða er skammtað til að koma í veg fyrir ofhleðslu.


Íbúar í Kænugarði hafa þurft að búa við miklar rafmagnstruflanir undanfarnar vikur. MYND/AÐSEND


Tetíana Gontsjenko, íbúi í Kænugarði

Einn íbúinn, Tetíana Gontsjenko, skrifar á samfélagsmiðlum að líf hennar hafi meira og minna breyst í ævintýra- eða tölvuleik.

„Ég fór niður með lyftunni í morgun og rafmagninu sló ekki út – fyrsta borð unnið. Ég náði að sækja barnið á leikskóla áður en loftvarnasírenurnar fóru í gang – aftur sigur! Ég fór í lyftuna þegar ég kom heim og festist ekki – til hamingju! Ég kláraði að skrifa niður skilaboð áður en ljósið slokknaði en ég gleymdi hins vegar að setja fartölvuna í hleðslu – þar með tapaði ég! Ég náði svo að borga fyrir matinn úti í búð áður en það varð rafmagnslaust í borginni – vel gert! Ég þarf að taka svo margt inn í reikninginn og þetta er orðið mjög þreytandi,“ skrifar Tetíana.

> **40%**
> **af orkukerfi landsins hafa orðið fyrir skemmdum í loftárásum Rússa.**

Genfarsáttmálinn leggur bann við að stríðandi fylkingar ráðist á borgaralega innviði. Borgarstjóri Kænugarðs hvetur íbúa til að birgja sig upp af eldsneyti, mat og vatni. Yfirvöld hafa þegar komið upp eitt þúsund upphituðum skýlum sem íbúar geta nýtt í neyðartilfellum. ■



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



2017-2022
Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan
2016 2022
Framúrskarandi fyrirtæki
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
VIÐARPARKETI, HARÐPARKETI
& VINYLPARKETI
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ
FÁÐU TILBOÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

# Segir stækkun krókabáta laumað inn í frumvarp í nafni orkuskipta

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssamband smábátaeigenda telur að nýtt frumvarp um orkuskipti í fiskveiðum stuðli að aukinni samþjöppun í greininni og fækkun smábáta. Frumvarpið opni á frekari stækkun krókaaflamarksbáta og þar af leiðandi fækkun smábáta.

Í dag mega krókaaflamarksbátar vera að hámarki 30 brúttótonn að stærð til að hafa veiðileyfi. Frumvarp Svandísar Svavarsdóttur matvælaráðherra opnar á að þessir bátar geti verið allt að 50 prósentum stærri, það er 45 brúttótonn, gangi þeir að minnsta kosti til helminga fyrir vistvænum orkugjöfum.

Landssamband smábátaeigenda bendir á að þegar krókaaflamarksbátar voru stækkaðir úr 15 í 30 brúttótonn árið 2013 hafi það leitt til stórfelldrar fækkunar smábáta og minnkandi vægis einyrkja.

» Frumvarpið opnar á 50 prósenta stækkun krókabáta.

Lýsir félagið áhyggjum sínum af að áfram sé róið í sömu átt til stækkunar.

„LS lýsir undrun sinni á að rekin sé sú stefna í skjóli orkuskipta,“ segir Örn Pálsson framkvæmdastjóri í umsögn félagsins við frumvarpinu.

Til þess að koma til móts við þessa breytingu sé óhjákvæmilegt að setja inn ákvæði til að efla línuívilnun fyrir handfæraveiðar og tryggja 48 veiðidaga. ■



Ofveiði og loftslagsbreytingar ógna grænlandshákarlinum. MYND/WIKIPEDIA

# Grænlandshákarlinn fær alþjóðlega vernd

kristinnhaukur@frettabladid.is

**DÝRAVERND** Veiðar, varðveisla og sala á grænlandshákarli á alþjóðlegu hafsvæði voru nýlega bannaðar á fundi NAFO, fiskveiðisamtaka Norðvestur-Atlantshafsins. Dýraverndarsinnar fögnuðu ákvörðuninni sem tekin var á fundi samtakanna í Portúgal.

Þrettán ríki og ríkjasambönd eru aðilar að NAFO. Ísland, Danmörk (fyrir Færeyjar og Grænland), Noregur, Bretland, Frakkland (fyrir Sankti Pierre og Miquelon), Evrópusambandið, Rússland, Úkraína, Bandaríkin, Kanada, Japan, Suður-Kórea og Kúba.

Árið 2018 samþykktu aðeins Bandaríkin og Evrópusambandið veiðibann á grænlandshákarl en nú hafa allir aðilar samtakanna samþykkt það.

Samkvæmt nýju reglunum er fiskveiðiskipum óheimilt að halda grænlandshákarli jafnvel þó að hann komi fyrir slysni í netin. Fjögur lönd fengu undanþágu frá þessu, Ísland, Noregur, Færeyjar og Grænland, þar sem brottkast er óheimilt. Algengt er að grænlandshákarlar komi fyrir slysni í net íslenskra skipa.

Grænlandshákarlinn dvelur víða í Norður-Atlantshafinu, allt frá Svalbarða að Bretlandseyjum. Hann getur orðið allt að 6 metrar á lengd, er eitraður og heldur sig yfirleitt á talsverðu dýpi.

Hann er þekktur fyrir langlífi en grænlandshárkarlar geta náð hæstum aldri allra þekktra hryggdýra þó að margt sé enn á huldu. Talið er að elstu dýrin séu um 400 ára gömul. ■




Talið er víst að Donald Trump lýsi yfir áformum um að bjóða sig fram í forsetakosningum Bandaríkjanna á næstu vikum en hann hefur verið einn af helstu talsmönnum Repúblikanaflokksins í aðdraganda kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Stefnir í sigur Repúblikana

Eftir harða baráttu í aðdraganda miðkjörtímabils-kosninganna síðastliðna mánuði er gengið til kosninga í Bandaríkjunum í dag. Kosið er um öll sætin á fulltrúaþinginu og þriðjung sæta í öldungadeildinni og stefnir í að Repúblikanar sæki fylgi á kostnað Demókrata.

kristinnpall@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Kosningabaráttan fyrir miðkjörtímabils-kosningarnar á bandaríska þinginu náði hámarki í gær þegar forseti Bandaríkjanna, Joe Biden, og fyrrverandi forseti, Donald Trump, héldu síðustu ræður sínar fyrir kosningarnar. Fjarað hefur undan málefnum sem voru í brennidepli fyrr á þessu ári og er eitt helsta umtalsefni kosningabaráttunnar efnahagslíf Bandaríkjanna.

Önnur málefni sem hafa helst verið nefnd til sögunnar eru innflytjendamál, réttur kvenna til þungunarrofs og hversu traustum fótum lýðræðið stendur en efnahagsmálin virðast vera það sem hefur mesta vægið hjá bandarísku þjóðinni.

„Efnahagsmálin skipta gríðarlega miklu máli í þessum kosningum. Þó að olíuverð hafi lækkað eitthvað síðustu mánuði situr það í almenningi að verðlag er búið að hækka og hann finnur fyrir verðbólgunni. Fólk sem er að kjósa á grundvelli efnahagsmála er ekki að fara að styðja núverandi forseta. Ljósið í myrkrinu hjá Demókrötum er að flestir frambjóðendur eru vinsælli en forsetinn í mælingum. Hann er ekki að draga einstaka frambjóðendur niður,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, spurð út í áherslubreytingarnar sem hafa átt sér stað á síðustu vikum.

„Þetta hefur verið algjör varnarbarátta hjá Demókrötum og Repúblikanar virðast vera öruggir um að fá meirihluta.

Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í alþjóðasamskiptum

Þegar talið berst að líklegum niðurstöðum og sviptingum sem hafa orðið á lokametrunum segir Silja Repúblikana standa vel að vígi.

„Það er helst að maður sjái að líkur Repúblikana á að ná báðum deildum séu að aukast. Það er, og verður, mun jafnara í öldungadeildinni. Líkurnar á að Repúblikanar fái fleiri sæti hafa verið að aukast, þó að svona líkindareikningur sé auðvitað aldrei hundrað prósent,“ segir Silja Bára og heldur áfram:

„Þetta hefur verið algjör varnarbarátta hjá Demókrötum og Repúblikanar virðast vera öruggir um að fá meirihluta, þó að það sé ekki öruggt hversu stór hann verður. Spurningin er hvort Demókrötum takist að halda kjósendum sem aðhyllast málefnin sem þeir hafa stólað á, eins og rétt til þungunarrofs, virkum. Málefnið hefur dalað í könnunum, úr því að tuttugu prósentum fannst þetta mikilvægt í upphafi sumars niður í tíu prósent.“

Silja Bára segir það ekkert nýtt að fylgi í miðkjörtímabilskosningum sveigist í átt að stjórnarandstöðu við forsetaembættið.

„Þetta hefur verið tilhneiging í bandaríska kerfinu, í miðannarkosningunum, þegar það er ekki verið að kjósa um sjálft forsetaembættið, er iðulega sveifla til stjórnarandstöðunnar til þess að veita forsetaembættinu aðhald. Hugmyndin er að þetta styrki lýðræðið, en gerir það að verkum að bæði kerfin eru verr starfhæf. Þingið setur lög sem forseti getur hafnað, forsetinn neyðist til að beita forsetaskipunum í stað þess að treysta á þingið. Þetta dregur úr tiltrú á lýðræðinu.“ ■



# Látum dæluna ganga fyrir konur í dag

Saman byggjum við nýtt

KVENNA ATHVARF

**5 kr. í dag**

## Fyrir konur og börn sem leita skjóls

Í dag tökum við höndum saman með viðskiptavinum okkar og styrkjum byggingu nýs Kvennaathvarfs. Þörfin er brýn og því renna 5 krónur af hverjum seldum lítra á N1 um allt land í allan dag til þessa mikilvæga málefnis. Renndu við og láttu dæluna ganga fyrir konur og börn sem þurfa öruggt skjól.

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-012796




# VELLÍÐAN ER BESTA GJÖFIN

**20%**
**AFSLÁTTUR**

---

Vellíðan í öskju er uppfull af sérvöldum vörum sem næra líkama og sál. Askjan hentar öllum sem vilja setja sjálfa sig í fyrsta sætið, skapa innri ró og njóta líðandi stundar.

**Allt leitar jafnvægis, finndu þitt.**

## Uppskrift að vellíðan

- **Kveiktu á kerti með notalegri angan**
- **Nærðu húðina með rakageli frá Mádara**
- **Losaðu spennu úr andlitsvöðvum með Gua Sha**

Tilboðsverð

# 4.999 kr.

Fullt verð 6.249 kr.





# EINSTAKIR TILBOÐSDAGAR

## 20% afsláttur

**af húð-, snyrti- og gjafavöru dagana 8.-13. nóvember**

í öllum verslunum og á lyfja.is

Fjölbreytt úrval af gjafaöskjum sem næra líkama og sál. Frábær tilboð, ljúfir jóladjasstónar og nærandi vörukynningar.

**Vellíðan er besta gjöfin**



LYFJA

# Varnarsigur



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Varla telst það vera meira en varnarsigur þegar í ljós kemur að sitjandi formaður Sjálfstæðisflokksins til rösklega þrettán ára reynist ekki njóta stuðnings 40 prósenta af forystumönnum flokksins á æðstu samkomu hans.

Augljóst er að þessi stóri hópur flokksmanna, sem lagðist á sveif með keppinaut formannsins, telur að núverandi leiðtogi flokksins höfði ekki nógu sterkt til lausafylgisins í landinu, eða þeirra kjósenda sem hafa yfirgefið hann á síðustu árum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur fyrir margt löngu – og væntanlega fyrir fullt og allt – tapað meirihlutafylgi sínu í höfuðborginni og stuðningsmenn hans ganga ekki lengur að því gefnu á landsvísu að oddvitar flokksins hampi fyrsta sætinu í sínum kjördæmum.

Í raun og veru hefur það gerst á nýrri öld að þessi rótgróna fjöldahreyfing íhaldsaflanna hefur hægt og sígandi verið að missa stöðu sína sem burðarásinn í íslenskum stjórnmálum. Sú gamla breiðfylking hægrimanna, sem liðsmenn annarra flokka öfunduðu sakir víðsýni, málafylgju, lýðhylli, skipulags og fjárhagslegra yfirburða, er nú komin upp á náð og miskunn annarra flokka um að komast ríkisstjórn. Og hvern gat órað fyrir því um síðustu aldamót að forystumenn hans gerðu sér að góðu að hafa sósíalista við enda ríkisstjórnarborðsins – og það ítrekað, í nafni samstöðu og stöðugleika?

Það er svo út af fyrir sig einstakt í sögu Sjálfstæðisflokksins að núverandi formaður hans hafi ekki setið nema ellefu mánuði á stóli forsætisráðherra í allan þennan tíma – bráðum í hálfan annan áratug – og er líklega eini forsætisráðherrann í sögu þjóðarinnar sem ekki hefur náð að flytja þjóðinni áramótaávarp sitt á valdastóli. Þetta er algerlega úr takti við alla fyrirrennara hans sem hans sem gengu svo að segja að því vísu að taka við valdataumunum og leiða ríkisstjórnir eftir hverjar kosningarnar af öðrum.

Það má túlka ríflega 40 prósenta stuðninginn við keppinaut sitjandi formanns í þá veru að stórum hluta landsfundarfulltrúa finnist það fullreynt að núverandi formaður geti aukið fylgi flokksins og náð þeim aftur heim sem hafa horfið til annarra stjórnmálaafla í landinu, hvort heldur er til frjálslyndari og alþjóðasinnaðri hægriafla eða þjóðernissinnaðri íhaldsafla.

Niðurstaða landsfundarins hlýtur fyrir vikið að vera gleðiefni fyrir aðra flokka en Sjálfstæðisflokkinn. Leiðtogar þeirra afla þurfa varla eða ekki að óttast að missa núverandi fylgismenn sína yfir til íhaldsins. Það er niðurstaða landsfundar. ■

> „Það er svo út af fyrir sig einstakt í sögu Sjálfstæðisflokksins að núverandi formaður hans hafi ekki setið nema ellefu mánuði á stóli forsætisráðherra í allan þennan tíma.




## Halldór




## Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

**Skýrslan**

Ætla má að Íslandsbankaskýrsla Ríkisendurskoðunar fari að líta dagsins ljós fyrst Landsfundur Sjálfstæðismanna er að baki með endurkosningu sölumannsins sjálfs. Almennir launamenn þessa lands hafa verið að velta fyrir sér vinnulaginu við gerð þessarar skýrslu sem tekið hefur óratíma að klára, en yfir sex mánuðir hafa farið í það að setja punktinn aftan við sextíu síðna skýrsluna. Það jafngildir tíu síðum á mánuði, eða sem nemur liðlega tveimur til þremur síðum á viku, eftir því í hvaða stuði mannskapurinn hefur verið. Og er hér líklega kominn dágóður mælikvarði á vinnuhraða ríkisstarfsmanna.

**Leshraði**

Kannski er þessi ofurrólega skýrslugerð til marks um hvert samfélagið stefnir. Alkunna er að karlmenn þessa lands koma vart eða ekki læsir út úr grunnskóla – og lesskilningur þeirra er mjög á undanhaldi. Á fræðamáli heitir þetta víst að svokallaður yndislestur manna sé að baki. Ekki bætir úr skák að skapandi skrif eru í tómu tjóni þessi árin – og stirðleiki við að setja saman setningar á að heita meiri háttar vandamál hjá heilu og hálfu hópunum. Að öllu samanlögðu er hér komin góð og gild skýring á sífrestaðri skýrslu Ríkisendurskoðunar. ■

# Ísland í forystu Evrópuráðsins



**Katrín Jakobsdóttir**
forsætisráðherra



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
utanríkisráðherra

Á morgun tekur Ísland við formennsku í Evrópuráðinu af Írum. Óhætt er að segja að þessi tímamót beri upp á miklum örlagatímum í sögu álfunnar. Þau grundvallargildi sem Evrópuráðið hvílir á – mannréttindi, lýðræði og réttarríkið – eiga undir högg að sækja. Skýrasta birtingarmynd þess er innrás Rússlands í Úkraínu.

Evrópuráðið er elsta alþjóðastofnun Evrópu. Það var stofnað árið 1949 í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar í þeim tilgangi að stuðla að stöðugleika í álfunni. Markmið þess er að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið í 46 aðildarríkjum með um 700 milljónir íbúa. Með brottvísun Rússlands úr stofnuninni í kjölfar innrásarinnar sendi Evrópuráðið skýr skilaboð um að aðildarríkin virði og verndi grundvallargildi ráðsins.

Í gær tilkynntu ríkisstjórnir Írlands og Íslands á fundi í Strassborg að það kæmi í hlut Íslands að efna til leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík í maí 2023, í lok formennskunnar. Í tæplega 75 ára sögu ráðsins hefur aðeins þrívegis verið haldinn leiðtogafundur. Innrásin í Úkraínu verður þar í brennidepli og í samhengi hennar mikilvægi þess að aðildarríkin verji sameiginleg gildi stofnunarinnar. Fundurinn verður umfangsmesti alþjóðlegi fundur sem fram hefur farið á Íslandi.

Komandi vetur verður að mörgu leyti erfiður víða í Evrópu, meðal annars vegna efnahagsþrenginga og hugsanlegs orkuskorts sem hvort tveggja má að miklu leyti rekja til innrásar Rússlands í Úkraínu. Tímasetning leiðtogafundar í Reykjavík að vori er því álitin ákjósanleg til þess að leiðtogar Evrópuþjóða hafi tækifæri til að koma saman í nafni þeirra gilda sem Evrópuráðinu er ætlað að varðveita. Áherslur íslensku ríkisstjórnarinnar á jafnrétti kynjanna, málefni barna, umhverfismál, lýðræði og mannréttindi endurspeglast í formennskuáætlun Íslands. En stærsta verkefnið verður að slá skjaldborg um grunngildi Evrópuráðsins, lýðræði og mannréttindi, sem standa frammi fyrir miklum áskorunum í samtímanum, ekki síst vegna stríðsrekstrar í álfunni. Þar mun Ísland axla ábyrgð og taka forystuhlutverk sitt alvarlega á krefjandi tímum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# ALLT




KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 8. nóvember 2022



Þumallinn er vinsælastur hjá eftirstríðsárakynslóðinni.

## Ellimerki í netheimum

elin@frettabladid.is

Boomers-kynslóðin er fólk sem fæddist í barnauppsveiflu eftir síðari heimsstyrjöldina á árunum 1946 til 1964. Nethegðun þessa hóps þykir sýna að hann ólst ekki upp við samfélagsmiðla og tölvunotkun. Þess vegna er oft gert grín að því hvernig hún svarar, til dæmis á Facebook.

Nokkur dæmi. Nethegðun á það til að vísa í aldur með notkun á táknum, emoji. Algengasta táknið fyrir eldri manneskju er þumallinn upp og grát/hlæjandi karlinn auk þess sem hún sendir kveðju til vinar sem er með heilan helling af táknum á milli orða. Það þykir ellimerki að senda skilaboð á ákveðna manneskju og skilja ekki að allir í vinahópnum sjái þau.

**Skilja ekki allt**

Eldra fólk hefur gaman af því að vera í alls kyns hópum; hundahóp, gamaldags mat, gömlum myndum og þess háttar. Þá hefur það líka þörf fyrir að deila ýmsum viðvörunarskilaboðum sem dúkka upp á Facebook.

Það þykir bera vott um að skrifari sé kominn á efri ár ef hann sendir skilaboð sem beint er til Facebook um að breyta aftur í gamla útlitið. Sömuleiðis ef hann ert alltaf með afmælisbarninu á mynd í afmæliskveðju og þegar hann skilur ekkert í því hvernig algóritminn virkar og bölvar yfir því hvaða auglýsingar birtast á síðunni hans. ■






Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri hjá Rúmföt.is sem býður upp á sængurföt á hagstæðu verði og í meiri gæðum en gengur og gerist. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Bjóða upp á heimsins bestu rúmföt svo þér líði vel

Rúmföt.is er stærsta sérverslun landsins með rúmföt. Verslunin, sem er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi, býður upp á afar vönduð rúmföt á sanngjörnu verði. 2




Það er mikið úrval af þýskum gæðarúmfötum hjá Rúmföt.is



Curt Bauer hefur ofið rúmföt síðan 1882.

„Það er engin tilviljun að mottóið okkar er: „Svo þér líði vel.“ Við leitumst nefnilega við að finna bestu efni í heiminum til að bjóða viðskiptavinum okkar upp á. Við verslum eingöngu beint við verksmiðjur sem vefa efnin sín sjálfar. Þannig sleppum við öllum milliliðum og getum boðið sængurföt á mjög hagstæðu verði og í meiri gæðum en gengur og gerist,“ segir Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri hjá Rúmföt.is.

„300 þráða sængurfötin okkar eru til dæmis alveg fullkomin fyrir heitfengt fólk. Þau eru gljúpari og mattari og draga betur í sig svitann en þau sem eru með meiri gljáa og fleiri þræði.

600 þráða sængurfötin okkar hafa slegið í gegn, bæði fyrir hvað það er dásamlega gott að sofa undir þeim, og ekki síður hvað þau koma flott úr þvotti. Annað hvort má hengja þau beint upp úr þvottavélinni eða skella þeim eitt augnablik í þurrkarann fyrst og hengja svo upp, og þau eru tilbúin á rúmið.

Þau fást bæði með áprentuðu mynstri og einlit. Smekkur fólks er svo misjafn. Mér finnst eldri kynslóðin frekar vilja mynstrað á meðan yngri kynslóðin vill einlit og stílhrein. En auðvitað er þetta ekki algilt. Sumir vilja einlit en með smá hreyfingu í efninu eða mynstri ofið í efnið, sem kallast þá damask,“ segir Hildur.

**Hágæða rúmföt frá Curt Bauer**

„Við seljum hágæða damaskrúmföt frá Curt Bauer sem fólki hefur líkað alveg afskaplega vel við. Í nokkur skipti hafa viðskiptavinir komið í búðina með gömul sængurföt og sagst ekkert vita hvaða merki þetta væri, en beðið um nákvæmlega eins. Þá var það Curt Bauer. Bómullin er meðhöndluð þannig að hún krumpast sáralítið og samt er efnið yndislega mjúkt og gott. Í sumar heimsóttum við Curt Bauer og var það algert ævintýri. Fyrirtækið er með alla framleiðsluna undir einu þaki sem þykir stórmerkilegt í Evrópu í dag.

Nýlega fundum við verksmiðju sem framleiðir alveg dýrindis 900 þráða efni og pöntuðum fullt af sængurfötum í öllum regnbogans litum frá þeim. Það er algjör draumur að sofa undir þeim, eins og sofa undir silki.

Kosturinn við þessi bómullarsett, fram yfir silkið, er að þau má þvo á 60 gráðum, en silkið bara á 30 gráðum.“

**Nýlega fundum við verksmiðju sem framleiðir alveg dýrindis 900 þráða efni og pöntuðum fullt af sængurfötum í öllum regnbogans litum frá þeim. Það er algjör draumur að sofa undir þeim, eins og að sofa undir silki.**

Hildur Þórðardóttir

**Dásamleg silkikoddaver**

„Talandi um silki, þá seljum við dásamleg silkikoddaver sem ég segi að allar konur ættu að eiga því silkið fer svo vel með hárið. Það flækist síður eða brotnar og ég þarf varla að greiða mér á morgnana þótt ég sé með sítt hár. Konur með þurra húð tala um að þær vakni minna krumpaðar á morgnana með silkikoddaver. Einnig seljum við silkisængurver á mjög fínu verði. Sennilega besta verði á landinu.

Það er lítið mál að þvo silkið. Ég set mitt í bleyti í volgt vatn með pínu silkisápu einhvern sunnudagsmorguninn. Læt það bíða í 10 mínútur, skola svo og vind það létt og hengi upp. Fyrir lengra komna má setja það í þvottavél á ullar/silki-prógramm og örlítið af ensímlausri mildri sápu með.

Mitt hlutverk í búðinni er að hjálpa fólki að velja þau sængurföt sem henta þeim best. Sumir vilja efni sem eru þurrari viðkomu, aðrir vilja mjúkt satínefni. Sjálf elska ég áprentuðu satínefnin. Allt frá 300 þráðum upp í eðalfína 900 þræði. Ekki má síðan gleyma silkidamaskinu sem margir Íslendingar draga fram á jólunum. En við eigum landsins mesta úrval af ítölskum lúxusrúmfötum úr silkidamaski,“ segir Hildur. ■

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavoginum og opnunartími er virka daga kl. 12-17.30 og laugardaga kl. 11-15. Nánar á rumfot.is.



Margrét Guðlaugsdóttir sumakona er komin í jólaskap.



Hágæða 300 þráða bómullarsatín.



Vorum að taka upp jólarúmfötin.



Lúxus-rúmföt frá Litáen.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:**
**Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
**Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

45. TBL. 8. NÓVEMBER 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS















Húsið er við Kópavogsbraut og er mikið endurnýjað.

# Parhús með glæsilegu útsýni

Fasteignamarkaðurinn ehf. sími 570-4500 kynnir til sölu virkilega glæsilegt, þó nokkuð mikið endurnýjað og frábærlega staðsett 200,1 fermetra parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 25 fermetra innbyggðum bílskúr á frábærum stað við Kópavogsbraut í suðurhlíðum Vesturbæjar Kópavogs.

Frábært útsýni er úr stofum og af svölum efri hæðar til suðurs og vesturs. Aukin lofthæð er í eldhúsi og stofum. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað á síðastliðnum árum. Meðal annars hafa eldhúsinnrétting og tæki verið endurnýjuð, baðherbergi á neðri hæð, gestasnyrting, allar innihurðir (frá GKS) og gólfefni að hluta ásamt því að lóð var endurgerð frá grunni.



Fallegt útsýni er af efri hæð hússins.

**Nánari lýsing**
Forstofa er með hvítum skápum og flísalagt gólf. Eldhúsið er með nýlegri hvítlakkaðri innréttingu og granítborðplötum, innbyggður ísskápur, uppþvottavél og vínkælir. Flísalagt gólf í eldhúsi og góð borðaðstaða.

Gestasalerni er flísalagt í gólf og veggi, eikarinnrétting með granít borðplötu. Borðstofa með flísum á gólfi. Stofan er með flísum á gólfi og útgengt á stórar hornsvalir til suðurs og vesturs með frábæru útsýni. Aukin lofthæð er í stofum og fallegur arinn. Teppalagður stigi niður á neðri hæð þar sem er gangur með eikarparketi og útgengt á stóra afgirta viðarverönd til suðurs úr lerki.

**Neðri hæð**
Barnaherbergi með lausum skáp, eikarparket á gólfi. Þvottaherbergi með hvítri innréttingu og flísalögðu gólfi. Sjónvarpsherbergi með eikarparketi, gluggalaust en góð loftræsting. Baðherbergi er flísalagt á gólf og veggi, sérsmíðuð innrétting frá GKS með granítborðplötum, baðkar og sturta með reyklituðu gleri.

Hjónaherbergi með skápum, eikarparket á gólfi og annað barnaherbergi er með lausum skáp og eikarparket er á gólfi.

Innangengt í bílskúr úr forstofu en hann er með rafmagni, heitu og köldu vatni. Gott geymsluloft yfir bílskúr. H

Hellulagt bílaplan með hitalögnum undir.

Hús að utan virðist í góðu ástandi en þakið var málað 2021 og þakkantur endurnýjaður. Hús var málað að utan 2014.

Lóðin var endurgerð frá grunni 2019 og er með fallegum gróðri, tyrfðri flöt og viðarveröndum og tröppum úr lerki. ■

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu fastmark@fastmark.is

# HÚSASALAN




## Hörðaland 20 - 86,1 fm - 63,9mkr

Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð (miðhæð) í fjölskylduvæna og veðursæla Fossvogi.
Endurnýjað eldhús og baðherbergi.
Snyrtileg og vel um gengin sameign.



**Bókið skoðun í síma 862-1110.**
**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir Lögg. fast.**
**gsm: 862-1110. hrafnhildur@husasalan.is**

**Traust þjónusta.**

**Síðumúla 33 - 537-9000**
**husasalan.is - husasalan@husasalan.is**






## Súðarvogur 11
104 Reykjavík

**Glæsilegt nýtt 4ra hæða fjölbýlishús á frábærum stað í hinu nýja Vogahverfi**



- Gólfhiti og lofthár bjartir gluggar
- Vandaðar innréttingar frá Voke 3
- Stórbrotið útsýni úr mörgum
- Stutt í náttúruna og gönguleiðir
- Flestar íbúðir með gluggum á tveimur til þremur hliðum
- Góður inngarður er á milli húsa númer 9 og 11
- Sér þvottahús með flestum íbúðum
- Stæði í bílakjallara fylgir flestum



**Ólafur**
Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð frá: **64,4 millj.**

**MIKLABORG**
569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*

2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri



**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**
lögg. fast.
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132
**Hörður Sverrisson**
Hagfræðingur
lögg.fast
hordur@fold.is / 899-5209

## Grænásbraut 602, fjölbýlishús með 8 íbúðum
**OG TRAUSTUM LEIGUTEKJUM FRÁ OPINBERUM AÐILUM.**




**Mjög gott fjárfestingartækifæri á Suðurnesjum.** Eignin er 892,0m2 fjölbýlishús sem saman stendur af átta íbúðum. Í húsinu eru sjö þriggja herbergja íbúðir og ein tveggja herbergja. Eignin er öll í leigu til opinbers aðila. Möguleiki á að yfirtaka leigusamning. Fjölbýlishúsið er á tveimur hæðum og staðsett að Grænásbraut 602A & B í Reykjanesbæ.
**Um er að ræða tvo stigaganga með samtals átta rúmgóðum og vel meðförnum íbúðum .**

## Háteigsvegu, 105, Rvk:
**MIÐHÆÐ Í GLÆSILEGU HÚSI TIL LEIGU**



Ca. 114 fm. vönduð miðhæð í glæsilegu húsi ofalega við Háteigsveg er til leigu. Sérinngangur. Áhugasamir hafi samband í s. 552-1400 eða sendið tölvupóst á fold@fold.is. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum auk bókaherbergis, sem nýta má sem svefnherbergi, tveimur stofum, eldhúsi, baðherbergi og holi.
**Leiguverð íbúðar kr. 340.000 á mánuði, hitakostnaður er innifalinn.**

## Keilugrandi 6: 1.hæð
**BÓKIÐ SKOÐUN**




Keilugrandi 6, 1.hæð: Falleg 3ja herbergja íbúð á 1.hæð við Keilugranda. Endurnýkað eldhús, tengt fyrir þvottavél á baði. Tvö svefnherbergi og tvennar svalir, í suður frá stofu og í norður frá hjónaherbergi.. Stæði í bílgeymslu fylgir og með því telst eignin rúmlega 108 fermetrar. Glæsileg íbúð á góðum stað.
**Vinsamlegast bókið skoðun.**

## Njálsgata 35A, 101 Rvk.
**BÓKIÐ SKOÐUN.**




Njálsgata 35A, bakhús. Fallegt, lítið einbýli á baklóð á rólegum stað við Njálsgötu í 101 Reykjavík. Hæðin er tvær stofur, eldhús, svefnherbergi og snyrting. Sérinngangur er í kjallara, þar er baðherbergi, þvottaaðstaða, herbergi o.fl. Húsið er skráð 66,2 FM en er stærra sem nemur óskráðu risi sem er manngengt að hluta. Eignin lítur vel út að utan enn þarfnast endurbóta inni og býður þar með upp á mikla möguleika í nýtingu og sem fjárfesting.
**Verð 54,9 millj.**
**Vinsamlegast bókið skoðun.**

**Hvað kostar eignin mín?**
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

**Þú finnur okkur á fold.is**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Viðskiptablaðið Keldan


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

# Starfandi í 40 ár – 1982-2022

## *Naustavör 58 - Nýjar og glæsilegar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kóp.*



- Naustavör 58 er 4ra hæða nýbygging í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Um er að ræða 2ja – 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem eru til afhendingar í mars 2023.
- Allar innréttingar eru frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar verða afhent án gólfefna, en flísar verða á gólfi á baðherbergi og þvottaherbergi.
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
- **Íbúðirnar eru á verðbilinu frá kr. 89,5 millj. upp í kr. 141,0 millj.**
- **Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is**

Aðeins 7 íbúðir óseldar auk einnar 2ja herbergja íbúðar í nr. 52

## *Barðastaðir 49. Raðhús í nálægð við golfvöll og náttúru*




Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Vel skipulagt 164,1 fermetra raðhús á einni hæð með bílskúr við Barðastaði í Grafarvogi. Hellulagt bílastæði fyrir allt að 4 bíla.
- Aukin lofthæð er í húsinu og hefur eignin hefur verið töluvert endurnýjuð að undanförnu m.a. er nýtt parket á gólfum og lýsing hefur verið endurnýjuð.
- Eignin skiptist í forstofu, þvottaherbergi, eldhús, samliggjandi stofur, hol, baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi innaf og tvö barnaherbergi. Geymsla er innaf bílskúr.
- Húsið er mjög vel staðsett í nálægð við golfvöll Grafarvogs. Góð aðkoma er að húsinu og hitalagnir eru undir stétt og innkeyrslu. Falleg gróin lóð með skjólsælli viðarverönd.

**Verð 115,5 millj.**

## Skipholt- til sölu eða leigu

**Vel staðsett verslunar- og lagerhúsnæði til sölu eða leigu á horni Skipholts og Nóatúns**

## Sérbýli á einni hæð óskast í Kópavogi eða í Garðabæ

**Einbýli, raðhús eða parhús á einni hæð óskast í skiptum fyrir glæsilega 160 fermetra íbúð í lyftuhúsi í Akrahverfi í Garðabæ**

## *Fróðaþing – Kópavogi.*



- Vel skipulagt einbýlishús við Fróðaþing nr. 3 í Kópavogi. Húsið er byggt árið 2008 og er einstaklega rúmgott fjölskylduhús þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að útbúa aukaíbúð.
- Eignin stendur á 750,0 fermetra lóð sem er frágengin að mestu með tyrfðum flötum, fallegum hlöðnum veggjum og skjólsælli viðarverönd á baklóð með heitum potti.
- Á neðri hæð eru forstofa, hol, eldhús, samliggjandi glæsilegar stofur, gestasnyrting, þrjú herbergi, baðherbergi og bílskúr sem innangengt er í úr forstofu.
- Á efri hæð hússins eru sjónvarpshol, fjögur barnaherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og hjónasvíta sem er bæði með baðherbergi og fataherbergi innaf.
- Í kjallara hússins eru 12,9 fermetra geymsla og óskráð og um 70 fermetra gluggalaust rými.
- Gólfhitakerfi er í húsinu og mikið er lagt í raflagnir og tölvulagnir. Innfelld lýsing er í loftum í stórum hluta og innbyggt ryksugukerfi er í húsinu.

**Verð 235,0 millj.**

## *Skólavörðustígur 6B- 2ja herbergja íbúð með stórum svölum.*




Eignin verður til sýnis í dag, þriðudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 67,2 fermetra 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í hjarta miðborgarinnar að meðtalinni sér geymslu í kjallara. Aðeins er gengið upp eina hæð í stigahúsi að íbúðinni.
- Stórar svalir til norðausturs þar sem sólar nýtur frá morgni fram að hádegi. Eldhús með gluggum til austurs.
- Eldhúsinnrétting og tæki voru endurnýjuð fyrir tveimur árum síðan og var baðherbergi endurnýjað á sama tíma. Þvottaaðstaða er á baðherbergi.
- Sameign er mjög snyrtileg og vel umgengin.

**Verð 49,9 millj.**

## *Þarft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina?*

*Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.*

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

**https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/**

job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**






## Bergstaðastræti 3
101 Reykjavík

### Glæsilegt, sjarmerandi og vel viðhaldið 329,8 fm einbýlishús í hjarta Reykjavíkur

- Skiptist í einbýli 258,9 fm með tveimur auka íbúðum á jarðhæð og á baklóð 70,9 fm byggingu með tveimur stúdíóíbúðum.
- Húsið stendur á afgirtri 365,5 fermetra lóð.

Verð: **250 millj.**



**Jason** K. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

---




## Grandavegur 42B - íb. 204
107 Reykjavík

**Glæsileg 151,7 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð með yfirbyggðum upphituðum 22 fm svölum**

Verð: **138 millj.**

- Glæsilegt alrými með set- og borðstofu og eldhús m. eyju
- Tvö flísilögð baðherbergi. Hjónasvíta með bað- og fataherbergi
- Stæði í bílageymslu. Óviðjafnanlegt sjávarútsýni

Nánari upplýsingar:
s. 896 8232 **Þórhallur Biering** löggiltur fasteignasali

---




## Mosgerði 8
108 Reykjavík

**Einbýlishús 175,3 fm með tveimur íbúðum neðri hæð bílskúr og kjallara og risíbúð**

Verð: **125 millj.**

- 2 íbúðir á tveimur fastanúmerum
- Stofa, eldhús, bað og tvö svefnherbergi á hvorri hæð. Þvottahús og geymslur í kj. 42,2 fm bílskúr m. rafm. og hita og hurð frá garði.
- Góður suður pallur.

Nánari upplýsingar:
s. 773 6000 **Þórunn Pálsdóttir** löggiltur fasteignasali

---








## Eiðismýri 21
170 Seltjarnarnes

### Afar fallegt og bjart 5 herb. 179,4 fm parhús á tveimur hæðum á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi

- Þrjú stór svefnherbergi
- Sérsmíðaðar innréttingar hannaðar af Rut Káradóttur
- 27,3 fm bílskúr
- Viðhaldslétt lóð með stóru yfirbyggðu svæði við inngang



Nánari upplýsingar veitir:
**Þórunn Pálsdóttir**
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **145 millj.**

---








## Efstasund 31
104 Reykjavík

### Fallegt og áberandi um 269 fm einbýlishús á þessum vinsæla stað í Sundunum

- Húsið er tvílyft með kjallara
- Rúmgóður bílskúr og hellulögð aðkoma
- Stór gróin garður
- Eignin hefur verið endurnýjuð og endurbætt að hluta en þarfnast frekara viðhalds og endurbóta
- Frábær staðsetning!



Nánari upplýsingar:
**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Verð: **125 millj.**

---




## Flatahraun 1 - íb. 307
220 Hafnarfjörður

**Vel skipulögð 70,2 fm íbúð í lyftuhúsi, með inngang inn af svölum**

Verð: **53,9 millj.**

- Rúmgott svefnherbergi
- Opið eldhús inn í borðstofu og stofu með útgengt út á suðvestur svalir.
- Þvottahús innan íbúðar
- Stæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 **Jórunn Skúladóttir** löggiltur fasteignasali

---




## Vættaborgir 61
112 Reykjavík

**Fallegt og vel skipulagt 156,3 fm parhús með stórum garði í Grafarvogi**

Verð: **119 millj.**

- 3 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi
- Baðherbergi, þvottahús innan bílskúrs
- Bílskúr/geymsla
- Glæsilegur garður

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali

---




## Engjasel 87
109 Reykjavík

**114,2 fm 3ja hebergja íbúð**

Verð: **55,9 millj.**

- Tvö svefnherbergi. Stofa/borðstofa
- Svalir til suðurs
- Baðherbergi. Eldhús. Sér geymsla er í kjallara
- Bílastæði í bílakjallara

Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 **Óskar S. Axelsson** löggiltur fasteignasali

---




## Laugavegur 98
101 Reykjavík

**Vel skipulögð 2ja herbergja 57,5 fm íbúð í miðborg Reykjavíkur**

Verð: **52,5 millj.**

- Opið parketlagt miðrými þaðan sem gengið er til stofu, herbergis, baðherbergis og eldhúss.
- 3,5 fm geymsla

Nánari upplýsingar:
s. 893 9929 **Páll Þórólfsson** löggiltur fasteignasali
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

---




## Vinastræti 8
210 Garðabær

**Glæsileg 150 fm 4ra herbergja útsýnisíbúð í nýlegu húsi í Urriðaholti**

Verð: **111,9 millj.**

- Opið eldhús, sjónvarpsrými, baðherbergi, 2 góð barnaherb, hjónasvíta með baðherbergi innaf, þvottahús
- 14,4 fm geymsla í kjallara. Stæði í bílageymslu
- Við hlið skóla og væntanlega sundlaug

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 **Gunnar S. Jónsson** löggiltur fasteignasali

---




## Birkiskógar 2
311 Borgarbyggð

**Fallegur 54 fm sumarbústaður við Munaðarnes, ofan vegar.**

Verð: **26,5 millj.**

- Ásamt óskráðu geymsluhúsi ca 10 fm
- Tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofa/borðstofa, eldhús, góður sólpallur, heitur pottur, gróin lóð og gott bílastæði
- Húsið er kynnt með hitaveitu. Eignin er laust til afhendingar

Nánari upplýsingar:
s. 697 9300 **Svan G. Guðlaugsson** löggiltur fasteignasali

---




## Mið-Dalur A2
861 Rangárþing eystra

**1,9 hektara land undir Eyjafjöllum með tveimur húsum, 43 fm og 20 fm**

Verð: **39 millj.**

- Kalt vatn og rafmagn, hitað neysluvatn
- Eldra húsið endurnýjað að innan
- Fallegt land umvafið náttúruperlum

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali

# Ertu löggiltur **fasteignasali?**

## Miklaborg leitast eftir að stækka frábæran hóp fasteignasala. Ert þú sá/sú sem við leitum að?

Hjá Mikluborg eru **frábær starfsskilyrði**, **miklir tekjumöguleikar** og **tækifæri til að starfa með metnaðarfullum fasteignasölum** í fremstu röð.

**Hæfisskilyrði**:

- Löggilding sem fasteignasali
- Óflekkað mannorð
- Metnaður
- Góð mannleg samskipti
- Sterkt tengslanet
- Heiðarleiki

Teljir þú þig uppfylla þessi skilyrði bjóðum við upp á **samstarf og tækifæri** til að verða **hluti af sterkustu fasteignasölu landsins**.
Framundan er mikið af nýbyggingarverkefnum og fjölbreytt starf.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Allar nánari **upplýsingar og umsóknir** sendist á **oskar@miklaborg.is**, eða í síma **661 2100**, **Óskar R. Harðarson** framkvæmdastjóri Mikluborgar.

2015 2022
Framúrskarandi fyrirtæki

**MIKLABORG** | Með þér alla leið

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar






## *3 lóðir alls 47 íbúðir*

Tilboðsfrestur er til kl. 12:00, 9. desember 2022

LAND LÖGMENN

### *Byggingafélag Jörfa ehf. auglýsir eftir tilboðum í byggingarrétt*

Byggingarmagn ofanjarðar er allt að 3982m²

F1 Lóð 1320m², 8 íbúðir, 2 hæðir og 642m²
F2 Lóð 1770m², 18 íbúðir, 2-3 hæðir og 1540m²
F3 Lóð 1771m², 21 íbúð, 3 hæðir og 1800m²

Nýtt deiliskipulag á svæðinu var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og er hluti af nýrri uppbyggingu á Kjalarnesi. Skipulagið var auglýst þann 12. október 2022 og lýkur kynningu þann 23. nóvember 2022

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Land lögmanna Hlíðasmára 9, 201 Kópavogi, kl. 14:00 þann 9. desember 2022. Þá gefst tilboðsgjöfum kostur á að vera viðstaddir opnun tilboða

Umsjón með útboðinu hefur Atli Már Ingólfsson, lögmaður, atli@landlogmenn.is. Bjóðendur eru beðnir um að senda tölvupóst vegna útboðsgagna


Fasteignaleitin
Ný og öflug fasteignaleit
Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is
Fasteignaleitin
SKANNAÐU KÓÐANN
Fasteignablaðið
Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Fasteignablaðið
heimili
fasteignasala
á traustum grunni
job
Erum við
að leita að þér?
Glæsileg sérhæð í Hafnarfirði
Atvinnublaðið
FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Beinn sími: 550 5625
frettabladid.is

Málþing Náttúrulækningafélags Íslands – 8. nóvember 2022

# Köld böð og sjósund

## – heilsuefling eða öfgar?

Í kvöld
kl. 19:30

Fræðslunefnd NLFÍ efnir til málþings á Reykjavík Natura, þingsal 2, í kvöld, þriðjudaginn 8. nóvember 2022 kl. 19:30. Nauthólsvegur 52 – 102 Reykjavík



- *Hvaða jákvæðu áhrif hafa köld böð á heilsufar?*
- *Eru köld böð áhættusöm og hvað ber að varast?*
- *Geta köld böð styrkt æðakerfið, minnkað bólgur og dregið úr streitu?*
- *Eru köld böð og sjósund fyrir alla ?*



Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson



Vilhjálmur Andri Einarsson



Erna Héðinsdóttir



Margrét Grímsdóttir

**Frummælendur:**

**Sjórinn er skelfilega góður**
Dr. Björn Rúnar Lúðvíksson prófessor og yfirlæknir ónæmisfræðideildar LSH

**Hættu að væla komdu að kæla**
Andri Iceland, Vilhjálmur Andri Einarsson heilsu- og lífsleikniþjálfari

**Sjórinn læknar allt**
Erna Héðinsdóttir kennari, lýðheilsufræðingur og markþjálfi

**Fundarstjóri:**
Margrét Grímsdóttir framkvæmdarstjóri hjúkrunar á Heilsustofnun í Hveragerði

**Pallborðsumræður**

Öll velkomin. Aðgangseyrir 3.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG ÍSLANDS – NLFÍ

Berum ábyrgð á eigin heilsu
www.nlfi.is



# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

## FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



# ÞESSI VIFTA SKYNJAR SKÍTALYKT




TILBOÐ
31.634
VAR 38.119

SKYNJAR LYKT - SKYNJAR RAKA - MJÖG HLJÓÐLÁT - APP EÐA TAKKAR

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

# MILAN KUNDERA
# SVIKIN VIÐ ERFÐASKRÁRNAR

„Snilldarverk.“
*Independent*






Frumleg og ögrandi ritgerð eftir einn af meisturum tuttugustu aldar bókmennta. Segja má að tónlistin og skáldsagan séu meginviðfangsefni bókarinnar. Kundera stendur ástríðufullan vörð um siðferðilegan rétt listamannsins og þá virðingu sem honum og list hans ber að sýna. Svikin við listina og mennskuna er ein af lykilhugmyndum á bak við þessa fáguðu en fjörlega skrifuðu bók.

**Friðrik Rafnsson** þýddi og hefur með þessari bók náð þeim merka áfanga að hafa íslenskað allt höfundarverk **Milans Kundera**.

Fyrir þessa bók hlaut höfundurinn **Prix Aujourd'hui verðlaunin** árið 1993 sem franskir menningarblaðamenn veita fyrir afburða umfjöllun um menningu og samfélag og árið1996 hlaut hann Verðlaun samtaka bandarískra tónskálda, **ASCAP-Deems Taylor-verðlaunin** fyrir áhugaverða og frumlega umfjöllun um tónlist.

Ugla

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Mazda MX-30 rafmagnsbíll. 6/2021 Sýningarbílar flestir eknir undir 1000 km. 35,5 kWh rafhlaða. Uppgefin drægni 200 km. 5 dyra. Makoto typa með glertopplúgu og öllum fáanlegum búnaði. Er í ábyrgð. Eigum 4 liti á lager. Hann er þinn fyrir aðeins 4.890.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupum bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband**

## Þjónusta

### Garðyrkja

**SMÍÐA/VIÐGERÐAVINNA**
Tökum að okkur alla helstu smíða og viðgerðarvinnu innandyra. Setja upp milliveggi, hurðir, eldhúsinnréttingar, parketlagnir o.s.frv. Einnig töku við að okkur alla malningavinnu. Góð verð, góð þjónusta. Samband í síma 5395098 eða a mah@mah.is

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

**REGNBOGALITIR EHF**
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

**HYGGJA INNBÚSÞJÓNUSTA**
Við sjáum um allt tengt dánarbúum: Sorterum og pökkum, tæmum og þrífum heimilið og aðstoðum við endursölu söluvænlegra heimilismuna.
**Hyggja.is -sími 8200208**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
**S. 774 3800**
Innimálning
Parketlagnir
Gluggaskipti
Múrviðgerðir
Epoxy
Þakskipti
**runarmur@gmail.com**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR
· SPÁI Í SPIL OG KRISTALSKÚLU MEÐ HJÁLP AÐ HANDAN
· HEILUN
ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
S. 5574391

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Gítarar og hljómborð
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

## Heilsa

### Heilsuvörur




## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## tILKYNNINGAR

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Stækkun 2. áfanga Mjóeyrarhafnar á Reyðarfirði**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið og umhverfismatsskýrslu Fjarðabyggðarhafna er að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

Skipulagsstofnun

**Umhverfismat framkvæmda**

**Matsáætlun í kynningu**

**Coda Terminal, móttöku og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð, Straumsvík**

Carbfix hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats Coda Terminal, móttöku og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð ($CO_2$) í Straumsvík.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn.Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 7. desember til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

HH RÁÐGJÖF

# LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

**ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.***

**Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.**

**» Ódýrt**
- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

**» Skilvirkt**
- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

**» Auðvelt í notkun**
- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltæks ef á þarf að halda

**Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is**

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

# Einelti – ein mesta martröð foreldra



**Kolbrún Baldursdóttir**
sálfræðingur og oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur

Í starfi sem sálfræðingur hef ég komið að ótal eineltismálum og skrifað bókina Ekki meir (bók um eineltismál) auk tuga greina um eineltismál. Engin tvö mál eru eins.

Algengast er að börn séu lögð í einelti í skólanum eða þar sem þau koma saman til að stunda áhugamál sín. Skólar, íþrótta- og tómstundafélög sem leggja áherslu á forvarnir og hafa vel útfærða verkáætlun, auk eineltisteymis, ná iðulega árangri við lausn eineltismála. Sjá má allar upplýsingar um viðbrögð við einelti á heimasíðu margra skóla, tilkynningareyðublað og upplýsingar um hverjir skipa eineltisteymi.

Skólar sem eru vanbúnir skortir oft heildarsýn, samfellu og hreinlega úthald í vinnslu eineltismála. Það er tækifæri til að leysa eineltismál fljótt og vel ef gripið er inn í strax með faglegum hætti. Fái málið að krauma verður það flóknara og erfiðara að leysa. Mikilvægt er að fylgja málum eftir til þess að tryggja að eineltinu ljúki endanlega.

**Foreldrar þolenda og gerenda**
Það er sársaukafullt þegar barn manns er lagt í einelti. Foreldrar finna til vanmáttar, reiði og sorgar. Flækjustigið verður enn meira þegar gerendur eru margir og ekki eingöngu úr nærumhverfinu (skóla eða íþróttafélagi) heldur einnig krakkar úr öðrum hverfum. Skaðsemi eineltis getur lifað með þolandanum ævilangt. Sumir þolendur ná sér einfaldlega aldrei. Útilokað er að vita með vissu hversu mörg börn hafa svipt sig lífi vegna óbærilegs lífs sem einkennst hefur af einelti og ofbeldi.

Það er ekki síður áfall fyrir foreldra að fá upplýsingar um að barnið þeirra leggi önnur börn í einelti. Þá hefst glíma við alls konar tilfinningar. Foreldrar vilja vernda barnið fyrir ásökunum en jafnframt vita þau að horfast verður í augu við vandann reynist ásakanir réttar. Einstaka foreldrar bregðast illa við og festast í varnarstöðu. Flestir foreldrar vilja að gengið sé strax í málið og eru tilbúnir að taka fullan þátt í úrvinnslunni.

Börn sýna oft ólíka framkomu og hegðun í skóla en heima. Barn sem er gerandi eineltis og sýnir viðvarandi ofbeldishegðun gagnvart öðrum þarf aðstoð með sína vanlíðan og vandamál til að hægt sé að lágmarka hvöt þess til að leggja í einelti. Foreldrar eru færastir í að grafast fyrir um orsakir þess að barnið finni hjá sér hvata til að meiða önnur börn. Leita þarf orsaka fyrir hegðunina og finna leiðir til hjálpar. Án þátttöku foreldra í úrvinnslunni er ekki hægt að bæta aðstæður barnsins. Hafa skal það í huga þegar rætt er um einelti að börn geta einn daginn verið í hlutverki geranda og þann næsta í hlutverki þolanda.

> ” Foreldrar eru færastir í að grafast fyrir um orsakir þess að barnið finni hjá sér hvata til að meiða önnur börn.

**Á þessari vakt má aldrei sofna**
Sem samfélag eigum við að gera kröfu um að allir staðir þar sem börn koma saman til náms, íþrótta og tómstunda skuli hafa tiltæk verkfæri aðgengileg á heimasíðu: skýra stefnu, viðbragðsáætlun og eineltisteymi. Ganga þarf strax í mál sem upp koma og fylgja því eftir eins lengi og þörf krefst. Reglubundnar forvarnir skipta sköpum ef takast á að lágmarka að mál af þessu tagi komi upp.

Barn á ávallt að njóta vafans. Þegar það segir frá ofbeldi á að trúa því. Ef ábyrgur aðili segir foreldri að barnið þess sé að leggja annað barn í einelti verður líka að trúa því. Könnun mun leiða í ljós staðreyndir málsins og þá er hægt að gera áætlun um úrlausn og hvernig eftirfylgni skuli háttað.

Ekkert foreldri á að þurfa að standa í þeim sporum að geta ekki verndað barnið sitt. Á þessari vakt eigum við að standa sem einn maður og aldrei má sofna. Öll börn eiga rétt á að líða vel. ■

# Vindmyllufár – fugla- og landeyðing



**Haukur Ragnar Hauksson**
fyrrverandi kennari

Vindmyllur: Hæð spaðanna nær upp í 250 metra eða sem samsvarar rúmlega þremur Hallgrímskirkjuturnum. 650 metrar þurfa að vera á milli hverrar myllu vegna loftflæðis. Þær gefa frá sér stanslausan nið og ljósbrot dag sem nótt (sól- og tunglbirta). Í nálægð orsaka þær svefnleysi vegna tíðni sem eyrað nemur ekki, en heilinn skynjar, og sjóveiki hjá ca. 10% sem berja þær augum daglega (sama tækni og við dáleiðslu).

Fugladráp: Spaðarnir ná yfir flughæð allra fugla og drepa þá eða særa í þúsundavís. Spaðarnir eru úr fiber og kasta því vel frá sér sterkum ljósbrotum er laða að sér fuglana við þarna sé útgönguleið í dimmviðri líkt og flugmenn hafa lent í við snjóhvíta fjallstoppa. En spurningin er: má drepa hér alla fugla, s.s. fálkann, rjúpuna, álftina og alla hina í ómældum fjölda og á öllum tíma sólarhringsins árið um kring? Hver ber ábyrgð á dauðum eða særðum fuglum við vindmyllurnar? Er það landeigandinn eða sá sem á myllurnar? Er búið að gefa frjálst leyfi verðandi fugladráp allra tegunda? Verður daglegt eftirlit og sektun við þessu eða er stólað á minkinn og tófuna að eyða öllum ummerkjum ósómans?

> ” Allur ferðaiðnaðurinn byggist á ósnortinni náttúru Íslands og þá er um að gera að afhenda hana endanlega gráðugum erlendum fjárfestum.

Landið: Land undir vindmyllur verður ekki samt aftur. Gríðarlegar steyptar undirstöður, hávaði, fuglahræ og sjónmengun gerir landið verðlaust. Menn og skepnur forðast þessi svæði, svo þetta er ekki spurning um arðsemi eins landeiganda heldur allra jarða í nágrenninu og ferðamennskunnar allrar.

**Fyrir hvern?**
Erum við Íslendingar upp til hópa illa gefnir? Allur ferðaiðnaðurinn byggist á ósnortinni náttúru Íslands og þá er um að gera að afhenda hana endanlega gráðugum erlendum fjárfestum. Við eigum næga orku nú þegar, allt annað er áróður og staðleysa. ■










Tökum á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Við veitum alla þjónustu tengda andláti ástvina
- Þjónusta um allt land og erlendis
- Þjónusta í heimahúsi og á stofnunum

Öll aðstaða í samræmi við tilefnið. Hlýlegt og fallegt húsnæði og nýir glæsilegir bílar.

Sjá nánari upplýsingar á utfor.is

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

## Merkisatburðir

**1879** Hið íslenska fornleifafélag er stofnað.
**1895** Wilhelm Conrad Röntgen uppgötvar röntgengeislana.
**1949** Fyrstu umferðarljósin eru tekin í notkun á fernum gatnamótum í miðbæ Reykjavíkur.
**1960** John F. Kennedy er kosinn forseti Bandaríkjanna.
**1978** Friðrik Ólafsson er kjörinn forseti Alþjóðaskáksambandsins, FIDE.
**1979** Hjördís Björk Hákonardóttir er fyrst kvenna skipuð sýslumaður á Íslandi. Það er í Strandasýslu.
**1983** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Rán, ferst í Jökulfjörðum og með henni fjórir menn.
**2013** Fellibylurinn Haiyan ríður yfir Filippseyjar. Tugir þúsunda farast og hundruð þúsunda lenda á vergangi.
**2016** Donald Trump er kosinn forseti Bandaríkjanna.



# Ferðalagið gefið gegn einelti

Í tilefni af Degi gegn einelti sem fer fram í dag hefur Reykjavíkurborg ákveðið að gefa skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum styrkleikabókina Ferðalagið.


arnartomas@frettabladid.is


Í dag fer fram Dagur gegn einelti, átak sem hófst 2011 með það að markmiði að efna til umræðu, fræðslu og viðburða til að sporna gegn einelti. Dagurinn er haldinn þann 8. nóvember ár hvert og er dagurinn meðal annars helgaður baráttunni gegn einelti í skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Í tilefni dagsins í ár hefur Vinsamlegt samfélag, verkefni á vegum Reykjavíkurborgar, ákveðið að gefa öllum skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar eintak af barnabókinni Ferðalaginu eftir Jakob Ómarsson.

„Ég var auðvitað hoppandi kátur að heyra að Ferðalagið hefði orðið fyrir valinu," segir Jakob. „Sem höfundur bókarinnar hef ég auðvitað fulla trú á henni og hef séð hvað hún getur gert. Það var líka ákveðin ánægja sem fylgdi því að Reykjavíkurborg væri að taka þetta skref."

Ferðalagið er í grunninn styrkleikabók fyrir börn þar sem markmiðið er að efla þau og leyfa þeim að finna sína styrkleika. Börnin leggja af stað í ferðalag ásamt kettinum Akílu þar sem þau kynnast ýmsum hugtökum, leysa verkefni og opna svokölluð styrkleikaspjöld í hverri viku.

„Þetta var fyrst og fremst hugsað sem góð stund milli foreldris og barns, en vissulega er hægt að færa þetta yfir á skóla og stærri hópa," útskýrir Jakob. „Eineltisumræðan hefur sjaldan verið háværari enda kominn tími á að hún fái þetta umtal sem hún er að fá núna. Þetta er mjög brýnt."

Bókin var gefin út fyrir síðustu jól og hefur hlotið góðar viðtökur, var meðal annars tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Jakob segir að salan hafi í framhaldinu gengið vel.

„Ég sé um þetta mest allt sjálfur sem hefur auðvitað verið talsverð vinna en á sama tíma mjög skemmtilegt," segir hann. „Það er gaman að hafa gert eitthvað sem hefur, ef svo má segja, skipt máli." ■



Jakob sendi frá sér Ferðalagið í nóvember á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Eineltisumræðan hefur sjaldan verið háværari enda kominn tími á að hún fái þetta umtal sem hún er að fá núna.**

Jakob Ómarsson

**Þetta gerðist** 8. nóvember 1847

# Höfundur Drakúla fæddur

Írski rithöfundurinn Bram Stoker fæddist þann 8. nóvember 1847 í Clontarf-hverfi í Dublin. Sem ungur maður þjáðist Stoker af óþekktum sjúkdómi og eyddi miklum tíma rúmfastur. Er það talið hafa haft áhrif á íhugula skapgerð hans og hæfileika sem rithöfundar en Stoker var mikill áhugamaður um sagnfræði og heimspeki.

Drakúla var sjötta útgefna bók Stoker en áður en hann skrifaði söguna lagðist hann í mikla rannsóknarvinnu og átti yfir hundrað blaðsíður af glósum sem ekkja hans seldi síðar.

Bókinni var vel tekið við útgáfu þar sem Stoker var hrósað fyrir einstaka útfærslu sína á vampírum. Í nokkrum dómum var bókin jafnvel talin of hrollvekjandi og var veikburða einstaklingum ráðlagt að lesa hana ekki.

Stoker lést þann 20. apríl 1912. Sumir segja dánarorsök hans hafa verið vinnuálag en aðrir sárasótt. ■



---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Arnfríður Aðalbjörg Gunnarsdóttir**

**frá Ábæ í Austurdal, Skagafirði,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi þann 24. október síðastliðinn, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 15.00.
Útförinni verður streymt á vefsíðunni:
https://youtu.be/o8J_nDs52-w

**Jörundur Helgi Þorgeirsson** **Edda Björk Þórarinsdóttir**
**Ragnheiður Guðrún Þorgeirsdóttir**
**Þóra Sveinbjörg Þorgeirsdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Freyja Júlía Þorgeirsdóttir**
**Ásgeir Þorgeirsson** **Anna Margrét Kaldalóns**
**Nína Björg Þorgeirsdóttir** **Anders Litsegård**
**Guðmundur Þór Þorgeirsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN




✝

Elsku hjartans pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**Eggert Eggertsson**

**Vestursíðu 9, Akureyri,**

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð þann 4. nóvember sl.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 14. nóvember kl. 13.

**Aðalheiður Eggertsdóttir** **Baldur Pálsson**
**Eggert Eggertsson** **Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir**
**Anna Margrét Eggertsdóttir** **Elvar Knútur Valsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

**Öglu Bjarnadóttur**

**Hjallabraut 33.**

**Bjarni Arnarson** **Sigurlaug Sverrisdóttir**
**Agnar Helgi Arnarson** **Lilja Ólöf Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hafdís Magnúsdóttir**

**Haddý**

**Furugerði 1, Reykjavík,**

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, mánudaginn 31. október.

**Magnús Gunnarsson** **Jóhanna F. Sigurjónsdóttir**
**Dagný Gunnarsdóttir**
**Sigríður Gunnarsdóttir** **Eyþór Ragnarsson**
**Gabriela, Dagur, Rakel Eir, Ísabella, Eyþór Elí og Erika**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurþór Ellertsson**

**Kleppsvegi 120,**

lést á Landspítalanum Fossvogi, 25. október.
Jarðarför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sólveig Ragna Sigurþórsdóttir**
**Sigþrúður Sigurþórsdóttir** **Páll Ólafsson**
**Ellert Bragi Sigurþórsson** **Eva Arna Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**





# Þú finnur Fréttablað dagsins

- Í aldreifingu á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri
- Í Nettó á höfuðborgarsvæðinu
- Í öllum verslunum Bónus
- Í Húsasmiðjunni á höfuðborgarsvæðinu
- Í Firðinum
- Í Kringlunni
- Í Fjarðakaup

QR flýtilausn fyrir stafrænar útgáfur

Opnaðu myndavélina í símanum og skannaðu QR kóðann




# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
**20.00 Vísindin og við** Vísindin og við er þáttaröð um við fjölþætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Matur og heimili**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2015-2016** Fjallabyggð - Reykhólahreppurt
**14.45 92 á stöðinni**
**15.10 Með okkar augum**
**15.40 Kiljan**
**16.20 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**16.35 Menningarvikan**
**17.05 Íslendingar** Brynja Benediktsdóttirt
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Tilraunastofan**
**18.24 Litlir uppfinningamenn**
**18.32 Bitið, brennt og stungið**
**18.38 Matargat** Kanilflétta
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins** Aron Can - Flýg uppt
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skrekkur - á bak við tjöldin** Heimildarmynd um þátttöku Laugalækjarskóla í Skrekk 2021 unnin af fjórum vinum sem tóku þátt. Myndin fjallar almennt um ferðalag Laugalækjarskóla frá fyrstu æfingu fram að sýningu í Borgarleikhúsinu.
**20.55 Draugagangur** Önnur þáttaröð þessara bresku gamanþátta.
**21.30 Hljómsveitin Orkestret**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Baptiste Baptiste II**
**23.20 Konunglegt leyndarmál**
**00.05 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.00 Dr. Phil**
**12.40 The Late Late Show**
**13.25 Love Island Australia**
**14.25 Survivor**
**15.10 The Block**
**16.10 Venjulegt fólk**
**17.00 90210**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 Love Island Australia**
**20.10 A Million Little Things**
**21.00 CSI. Vegas**
**21.50 4400** Á hundrað ára tímabili var fjögur þúsund og fjögur hundruð einstaklingum rænt. Þegar þeim er skilað aftur til jarðar hafa þau ekki elst um dag.
**22.35 Joe Pickett**
**23.25 The Late Late Show**
**00.10 Love Island Australia**
**01.00 Law and Order. Special Victims Unit**
**01.45 Chicago Med**
**02.30 New Amsterdam**
**03.15 Super Pumped**
**04.15 Guilty Party**
**04.45 Tónlist**

## Stöð 2

**07.10 Heimsókn**
**08.15 Bold and the Beautiful**
**08.30 The Mentalist**
**09.30 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**09.55 Impractical Jokers**
**10.15 Best Room Wins**
**10.55 Ireland's Got Talent**
**11.50 Nágrannar**
**12.25 The Great British Bake Off**
**13.20 30 Rock**
**14.05 B Positive**
**14.25 How to Cure...**
**15.10 Wipeout**
**15.50 The Masked Singer**
**16.55 Supergirl**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.20 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Shark Tank**
**19.55 Inside the Zoo**
**20.55 Masterchef USA**
**21.35 S.W.A.T.**
**22.15 Last Week Tonight**
**22.45 Unforgettable**
**23.25 Monarch**
**00.10 Swimming with Sharks**
**00.30 Silent Witness**
**01.25 The Mentalist**
**02.05 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**02.25 Best Room Wins**
**03.10 The Great British Bake Off**
**04.05 How to Cure...**

## Fagurkerar sóttir heim



Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili heimsækir í kvöld leirlistakonuna Guðbjörgu Káradóttur hjá KER og fær að skyggnast í heim hennar í keramiklistinni. Sjöfn Þórðar heimsækir líka Tönju Marenu Kristinsdóttur fagurkera sem fékk til liðs við sig Stellu Birgisdóttur innanhússhönnuð til að endurhanna heimili sitt að innan með upprunalegan arkitektúr að leiðarljósi. ■

## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
1 hallmæla
5 extra
6 tveir eins
8 slitna
10 átt
11 kveinstafir
12 snap
13 kríki
15 argar
17 róta

**LÓÐRÉTT**
1 úrtölur
2 forir
3 sjáðu
4 nytjar
7 gata á prófi
9 ráfa
12 marr
14 tímabils
16 rykkorn

**LÁRÉTT: 1** lasta, 5 auk, 6 ff, 8 trosna, 10 na, 11 vol, 12 beti, 13 nári, 15 gramar, 17 skara.
**LÓÐRÉTT: 1** latning, 2 aura, 3 sko, 4 afnot, 7 fallera, 9 sveima, 12 brak, 14 árs, 16 ar.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Lasarevic átti leik gegn Ivanka árið 1972.

**1...Dd2+! 2. Dxd2 Hg6# 0-1.** EM ungmenna hófst í Antalya í Tyrklandi í fyrradag. Sextán íslensk ungmenni taka þátt. Gunnar Erik Guðmundsson vann stigahæan andstæðing í fyrstu umferð. Engilberg Viðar Eyþórsson vann sigur í Bikarsyrpu TR. Emilía Embla B. Berglindardóttir varð önnur.

**www.skak.is:** EM ungmenna.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




FALLEGT BÓKMENNTAVERK

„Ljóðabókin *Plómur* ... fjallar um endalausa viðureign manneskjunnar við sjálfa sig, vonir sínar og þrár. Sunna Dís Másdóttir er ósvikið skáld."

KRISTJÁN JÓHANN JÓNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ






LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | www.forlagid.is



Gríma Kristjánsdóttir bregður sér í hlutverk trúðsins Jójó í Hinu stórfenglega ævintýri um missi. MYND/EVA ÁGÚSTA

# Trúðslæti og söknuður

LEIKHÚS

**Hið stórkostlega ævintýri um missi**

**Tjarnarbíó**
**Höfundur:** Gríma Kristjánsdóttir og hópurinn
**Leikkona:** Gríma Kristjánsdóttir
**Leikstjórn:** Rafael Bianciotto
**Tónlist:** Þórður Sigurðarson
**Leikmynda- og búningahönnun:** Eva Björg Harðardóttir
**Ljósahönnun:** Arnar Ingvarsson
**Aðstoðarleikstjórn:** Halldóra Markúsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Við deyjum öll. Við missum öll. En óttinn við missi er stundum sterkari en óttinn við dauðann. Einhver nákominn fellur frá og aðstandendur sitja eftir með stóra holu í tilverunni þar sem manneskjan var áður. Gríma upplifði sáran missi þegar báðir foreldrar hennar létust á innan við ári. Með aðstoð trúðsins og hliðarsjálfsins Jójós segir Gríma áhorfendum frá uppeldisárunum, foreldrum sínum og aðdraganda þessa skelfilega áfalls.

**Ekki nægilega dramatísk**

Gríma er yngsta barn í stórri og frekar flókinni fjölskyldu. Faðir hennar, Kristján, var ríflega sextugur þegar Gríma fæddist. Óttinn við að missa föður sinn var þannig fasti í lífi Grímu en tilveran er sjaldnast fyrirsjáanleg. Jóhanna, móðir hennar, greindist skyndilega með krabbamein og dó fyrir aldur fram á örskotsstundu.

Trúðurinn Jójó aðstoðar Grímu við að segja sögu sína og takast á við óþægilegar staðreyndir um fjölskyldu sína. Gríma stígur reglulega úr hlutverki Jójós þegar henni finnst eins og trúðurinn hafi gengið of langt. Jójó bregður sér lipurlega í gervi sögupersónanna og finnur húmorinn í átakanlegum aðstæðum. En togstreitan á milli Grímu og Jójós er ekki nægilega dramatísk, hér væri hægt að spenna bogann meira, dýpka átökin og spyrja áleitnari spurninga. Hvernig er að setja sig í hlutverk foreldra sinna? Eða þeirra sem eru ekki lengur meðal okkar?

Innan sögunnar leynist einnig átakanleg saga um elliglöp og heilabilun. En titill sýningarinnar er svolítið misvísandi þar sem við sjáum frekar aðdraganda að missi frekar en að skoða ástandið sjálft eftir að dauðinn hefur bankað á dyr.

**Áhrifamikill leikstjóri**

Áhrif leikstjórans og sviðslistamannsins Rafael Bianciotto hér á landi eru gríðarleg og rannsóknarefni út af fyrir sig. Nú er hann að opna heim trúðsins fyrir nýrri kynslóð og vonandi er þessi sýning byrjunin á nýju trúðatímabili. Hér er ekkert prjál á ferð heldur setur hann sögu Grímu fremst á svið. Hún myndar sterka tengingu við áhorfendur, hræðist ekki mistök og spinnur skemmtilega inni á milli. Þar spilar tónlist og viðvera Þórðar Sigurðarsonar mikilvægt hlutverk. Bæði er tónlistin leikandi skemmtileg og samvinna þeirra tveggja sömuleiðis.

Leikmynda- og búningahönnun Evu Bjargar Harðardóttur er listilega vel gerð og leynir á sér. Hér er smíðaður hinn heilagi hringur á leiksviðinu og í miðjunni situr sessa sem hægt er að túlka sem trúðsnef. Einfalt og eftirminnilegt. Gríma og Jójó taka þó hinn heilaga hring ekki nægilega hátíðlega, að stíga út úr honum eða inn í hann felur ekki í sér nægilega skýra afstöðubreytingu.

> ” Gríma sýnir mikið hugrekki í efnisvalinu og sýningin snertir streng í brjósti en stígur of varlega til jarðar.

**Stígur varlega til jarðar**

Hvernig er að takast á við missi í daglegu lífi? Þegar þig sárvantar að hringja í gamla vinkonu. Þegar þú þráir að sitja í eldhúsinu hjá ömmu sem kvaddi of snemma. Þegar þú sérð einhvern úti á götu sem minnir þig á manneskju sem er ekki lengur á lífi. Hvað gerist eftir að foreldri fellur frá?

Gríma sýnir mikið hugrekki í efnisvalinu og sýningin snertir streng í brjósti en stígur of varlega til jarðar. ■

**NIÐURSTAÐA:** Gríma og Jójó segja laglega og hnyttilega frá en dansa í kringum kjarna málsins.

# Bob Dylan-hátíð í Iðnó næstu helgi

tsh@frettabladid.is

Bob Dylan verður heiðraður með tónlistarhátíð í Iðnó næstkomandi laugardag og sunnudag, 12. til 13. nóvember. Dylan varð áttræður á síðasta ári en er þó enn að forma og endurskapa ljóðlist sína og tónlist, eins og segir í viðburðarlýsingu.

„Bob Dylan er einn af þeim sem rísa upp á milli árþúsunda. Hann líkamnar allt það fegursta í okkar hjarta, óviðjafnanlegur í heimi tónlistar og kyndilberi allra sem á eftir koma,“ er haft eftir Leonard Cohen í þýðingu íslensku Dylan-mafíunnar.

Dylan-mafían, áhugafólk um Bob Dylan og tónlist hans, stendur fyrir hátíðinni og mun fjöldi hljómsveita og tónlistarmanna koma fram, þar á meðal Sverrisson Hotel, tvíeykið Chris Foster og Bára Grímsdóttir, Slow Train og Himnahliðið. Séra Henning Emil Magnússon flytur Dylanfróðleik á milli tónlistaratriða á laugardagskvöld og þá stendur Dylan-mafían fyrir sýningu á ýmsum áhugaverðum munum tengdum Dylan og ferli hans.

Sérstök Dylan-messa verður haldin í Dómkirkjunni sunnudaginn 13. nóvember klukkan 14.00. Séra Henning Emil Magnússon sér um messuhald en tónlistarfólk af hátíðinni mun flytja tónlist Dylans.



Bob Dylan er einn þekktasti tónlistarmaður og lagasmiður sögunnar.

Bob Dylan er einn þekktasti og afkastamesti tónlistarmaður sögunnar. Honum hefur verið lýst sem meistara ljóðsins og einum áhrifamesta listamanni 20. aldar. Á meðal verðlauna sem Dylan hefur hlotið fyrir framlag sitt til tónlistar og bókmennta eru Pulitzerverðlaunin 2008 og Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 2016. ■






# Mommsen Bommsen í nýjustu bók Lóu

ninarichter@frettabladid.is

Fjöllistakonan Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir hefur sent frá sér bókina Mamma kaka. Bókin segir frá Viggó sem er kominn í vetrarfrí, en mamma hans er það alls ekki og vill bara sussa og skammast og í framhaldinu tekur Viggó málin í sínar hendur.

Spurð um tildrög verksins segist höfundur að einhverju leyti byggja það á eigin reynslu. „Mér hefur aldrei tekist að sjá vetrarfrí fyrir en samt eru þau alltaf þarna,“ segir hún og hlær. „Ég var byrjuð að semja einhverja sögu um börn sem búa til nýja mömmu af því að þeim finnst mamma sín vera leiðinleg. Ég hélt að ég yrði skemmtilegra foreldri en ég er,“ segir Lóa kímin.



Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, fjöllistakona, teiknari og höfundur Mömmu köku.

„Ég fékk að vera svona skemmtileg frænka mjög lengi, sem nennti að gera pinjótur fyrir barnaafmæli. Ég fékk að vera svona „Mamma kaka“ fyrir systurbörnin mín. Ég sé alltaf um að gera afmæliskökur fyrir þau af því að mér finnst svo gaman að búa til karaktera og vera „all in í þessu“ en systur minni finnst það ekkert skemmtilegt. Þannig að ég var alltaf í því hlutverki frá því ég var átján ára,“ segir Lóa.

„Það tók nokkrar tilraunir að gera þetta þannig að mér fyndist þetta sitja rétt. Það er pínu krípí að hún lifni við. En ef maður teiknar hana bara með nógu mikil læti og pastellitað krem, þá verður þetta ekki eins hryllilegt,“ segir Lóa.

Frystikista kemur við sögu: „Hún átti sko að vera í ísskápnum, en ég var að ræða þetta við vinkonu mína Rán Flygenring sem er líka að gera barnabækur. Við ræddum þetta einmitt og hún sagði bara: Frystikistan! Af því að þá er hún ekki fyrir. Það er hægt að gleyma henni ofan í frystikistu,“ segir Lóa.

„Systursonur minn kveikti á þessu og heimtaði að fá að vera Viggó næstu daga. Svo er ég að heyra af börnum sem heimta að fá að kalla mömmu sína Mommsen Bommsen eftir að hafa lesið bókina!“ ■

Jesús sagði:
„Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eru hlaðin, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér...“
Matt. 11.28-29
biblian.is



Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Empower vinnur að lausn við algengum vanda á vinnustöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Flytja út íslenskar lausnir við eitraðri menningu

**Ný íslensk hugbúnaðarlausn miðar að því að auðvelda mannauðsstjórum að uppræta eitraða vinnustaðamenningu og tryggja jafnan rétt á vinnustöðum.**

ninarichter@frettabladid.is

Þórey Vilhjálmsdóttir er framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Empower, sem hefur þróað gervigreindardrifinn hugbúnað sem ætlað er að aðstoða mannauðsstjóra við að tryggja jafnrétti og fjölbreytni á vinnustöðum.

Þórey segir hugmyndina hafa fæðst árið 2017 þegar hún starfaði hjá Capacent. „Þá vorum við að horfa á að gera allsherjar stefnumótun og vitundarvakningu fyrir jafnrétti,“ segir hún. „Ég var búin að vera að vinna sem stjórnunarráðgjafi,“ segir Þórey. Hún segist hafa fundið vaxandi eftirspurn eftir leiðum til að taka á jafnrétti, umfram launin eingöngu, þar sem fleiri breytur væru teknar til greina.

Haustið 2017 reyndist örlagaríkt þegar MeToo-hreyfingin fór af stað með hvelli. „Þá varð gríðarleg eftirspurn eftir leiðum til þess að vinna gegn eitraðri menningu og stefna að heilbrigðari vinnustaðamenningu, með jafnrétti að leiðarljósi,“ segir hún.

Á þeim tíma var verkefnið aðeins að byrja og segist Þórey hafa unnið að þróuninni með Landsvirkjun, á þeim tímapunkti. „Við kynntum verkefnið til sögunnar rétt áður en fyrsta MeToo-bylgjan fór af stað, þannig að við vorum bara tilbúin með lausn,“ segir hún og bætir við að tímasetningin hafi einfaldlega verið ótrúleg.

Þórey stofnaði Empower sumarið 2020, í félagi við Dögg Thomsen, eftir jákvæða reynslu af lausninni á íslenskum markaði. Var þá stefnan tekin á þróun sem fært gæti lausnina út fyrir landsteinana. „Ísland er mjög framarlega í jafnrétti og ég segi stundum að við séum skást í heimi,“ segir Þórey.

*Hún minnir þó á að sigur í jafnréttismálum sé alls ekki unninn.* „Við eigum langt í land. En við höfum fundið það á jafnréttisráðstefnum erlendis að það er verið að horfa mikið til Íslands,“ segir hún. „Það er lógískt að við séum með lausnir til að bjóða umheiminum, varðandi hvernig megi bæta stöðuna.“

Þegar heimsfaraldurinn skall á vorið 2020 breytti það markaðsumhverfi tæknigeirans. „Þessi stafræna þróun fór á ljóshraða í Covid, sem gaf okkur tækifæri til að skoða nýjar leiðir til að miðla okkar aðferðafræði. Þá fórum við af stað með þróun stafrænnar lausnar fyrir jafnrétti og fjölbreytni. Þetta er heildræn lausn.“

Þórey segir fyrirtækið styðjast við ákveðna mælikvarða sem þau viti að skipti fyrirtækin máli. Mælikvarðarnir séu byggðir á þeirra eigin módeli og aðferðafræði sem þau setja síðan inn í hugbúnaðinn. „Til að geta náð utan um jafnrétti og fjölbreytni,“ segir hún. „Við erum að búa til heildræna sýn og mælaborð fyrir stjórnendur. Svo erum við með gervigreind inni í forritinu okkar,“ segir Þórey.

„Þá hafa fyrirtækin sett sér ákveðin markmið sem eru byggð á þessum mælikvörðum, og svo mælir gervigreindin hvað ber á milli. Þá erum við með fræðslu í hugbúnaðinum fyrir viðkomandi fyrirtæki, og sjáum hvar mæðir mest á að fræða,“ segir Þórey og minnir á að eina leiðin til þess að ná mælikvörðum varðandi jafnrétti og fjölbreytni sé að breyta hegðun og viðhorfi.

„Við gerum það. Þetta er kallað örfræðsla, og þá erum við að fræða í gegnum síma. Hvert námskeið hjá okkur er tvær til fimm mínútur í einu, kannski þrisvar yfir einhvern tíma. Þetta eru mjög litlir skammtar og mjög áhugaverð og skemmtileg fræðsla. Við leggjum mikla áherslu á það og höfum alltaf gert, og höfum alltaf náð að miðla okkar fræðslu á einfaldan og skilvirkan máta.“

***Er ekki málið með svona fræðslu að þeir sem sækja hana þurfa hana síst?***

„Jú, ég myndi segja að ég hafi ekki hitt það fyrirtæki enn þá sem þarf ekki fræðsluna. Þá komum við aftur að því að vera skást í heimi.“

Fjármögnun gekk vonum framar. Empower fékk fjármögnun í vor frá Frumtaki upp á 250 milljónir, og frá englasjóðinum Tenninn upp á 50 milljónir.

„Það skiptir okkur öllu máli af því að nú erum við í þróunarvinnu og erum að þróa hugbúnaðinn okkar. Við erum að setja hann á alþjóðlegan markað á þriðja ársfjórðungi 2023 og verðum komin með frumgerð núna í lok janúar. Það er mjög spennandi. Þá ætlum við að fara til Bandaríkjanna og Evrópu.“

Aðspurð hvort finna megi sambærilegar lausnir á markaði, svarar Þórey að vissulega séu til tengdar lausnir. „En ekki svona heildrænar eins og okkar. Það er það sem við sjáum sem okkar tækifæri,“ segir hún. „Við Íslendingar erum framarlega í að hugsa um jafnrétti og erum að horfa á fleiri breytur sem annar hugbúnaður er ekki með. Svo er þetta samhengi og gervigreind í okkar hugbúnaði, sem hjálpar mannauðsstjóranum að hugsa þetta þrjú hundruð og sextíu gráður.“ ■

> **Við höfum fundið það á jafnréttisráðstefnum erlendis að það er verið að horfa mikið til Íslands.**



Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri

# Mimi Parker úr Low er látin

ninarichter@frettabladid.is

Mimi Parker, trommuleikari, söngkona og stofnandi bandarísku rokksveitarinnar Low, er látin 55 ára að aldri. Parker greindist með leghálskrabbamein fyrir tveimur árum.

Eiginmaður Parker, Alan Sparhawk, tónlistarmaður og meðstofnandi Low, sagði frá andlátinu á samfélagsmiðlum á sunnudag.

„Vinir, það er erfitt að snúa alheiminum í orð og í stutt skilaboð, en hún lést í gærkvöldi, umkringd fjölskyldu og ást, þar á meðal var ykkar ást. Haldið nafni hennar á lofti. Deildu þessari stund með einhverjum sem þarfnast þín. Ástin er svo sannarlega það mikilvægasta,“ skrifar Sparhawk á Twitter.

Sveitin var stofnuð árið 1993. Low heimsótti Ísland oftar en einu sinni, á hápunkti ferilsins um aldamótin, og með reglulegu millibili síðan, meðal annars á ATP festival 2014. Arnar Eggert Thoroddsen, fjölmiðlamaður og aðjunkt í félagsfræði við Háskóla Íslands, tók viðtal við Sparhawk fyrir Morgunblaðið í október 2001.



Mimi Parker, trommuleikari Low, er látin eftir tveggja ára baráttu við leghálskrabbamein. Myndin var tekin á ATP hátíðinni á Íslandi árið 2014.

„Þetta er bandarísk neðanjarðar rokkhljómsveit sem kom fram á 10. áratugnum,“ svarar Arnar Eggert, spurður um staðsetningu sveitarinnar í popptónlistarsögunni.



Arnar Eggert Thoroddsen

„Þetta var kallað sad-core, mæðukjarni eða mæðurokk,“ segir hann. „Það voru settir merkimiðar á þetta af því að þetta var svona þunglyndislegt og melankólískt.“ Hann segir sveitina hafa starfað sem tríó, en fjórir bassaleikarar hafa starfað með bandinu, á meðan hjónin voru alltaf kjarninn í sveitinni.

„Þau eru yndisleg. Ég tók viðtal við hann einhvern tímann. Og það er klisjukennt að segja það en þetta er svolítið einstakt band,“ útskýrir Arnar Eggert. „Þetta er svo falleg músík og ekki hægt að lýsa þessu öðruvísi,“ segir hann. ■

ALIAS

# ÞEKKIR ÞÚ FRÆGA FÓLKIÐ?




## ALIAS
### FRÆGIR!

Það kannast flestir við Alias-spilin, en kannast þú við frægt fólk úr mannkynssögunni, þekkta tónlistarmenn eða leikara sem sett hafa svip sinn á tilveruna? Bókmenntir og kvikmyndir skarta mörgum frægustu persónum allra tíma og flest okkar kannast við einhverjar íþrótta- eða hasarmyndahetjur, jafnvel framsýna brautryðjendur sem hafa sett mark sitt á heiminn.







NÝTT! BORÐSPIL

Trönuhraun 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 534 0400 • www.myndform.is

MYNDFORM






Brimheim mærir tónlistarsamfélagið í Færeyjum sem hún segir samheldið. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND

# Fólki finnst færeyska hliðin exótísk og spennandi

**Nafni hinnar færeysk-dönsku Brimheim mætti snúa snarlega yfir á ylhýra, þar sem bókstaflega er vísað í heim brimsins, brimheiminn við ströndina. Nafnið lýsir ágætlega þessari konu sem virðist óhrædd við að fljóta með örlagastraumnum, og endaði næstum því í Kaliforníu.**

ninarichter@frettabladid.is

Brimheim er sviðsnafn hinnar dansk-færeysku Helenu Heinesen Rebensdorff. Hún er glaðvær og einlæg í fasi, og hefur nýlokið við að spila á Airwaves-hátíðinni, sem hún segir að sé gamall draumur.

„Ég var í fyrsta sinn á Airwaves. Mig hefur dreymt um þetta síðan ég var 15 ára,“ segir hún. „Ég hef aldrei komið áður,“ bætir hún við, aðspurð hvort hún hafi sótt hátíðina sem gestur.

Helena er hálfur Færeyingur og hálfur Dani. „Ég hef unnið við tónlist alla ævi og vissi snemma að þetta var það sem ég vildi gera að ævistarfi. Ég reyndi fyrir mér í ýmsum tónlistartengdum verkefnum þegar ég var yngri, ég er 32 ára í dag. Enginn gemlingur,“ segir hún og skellihlær.

Helena lærði tónlist í Kaupmannahöfn og lærði tónsmíðar og hljóðblöndun. „Ég reyndi að slá í gegn í nokkur ár, en var aðallega að vinna að elektrónískri tónlist og ég held að hjartað hafi ekki verið í þessu, eða kannski reyndi ég of mikið,“ segir hún hugsi.

Helena tók síðan stöðuna þegar hún var þrítug, þegar hún starfaði í fatabúð og sem barþjónn í Kaupmannahöfn. „Ég fór í existensíalíska krísu. Lærði ég tónlist í fimm ár til að standa á gólfinu í fatabúð allan daginn? Ekki að það sé eitthvað að svoleiðis störfum, en það var svo sannarlega ekki á planinu,“ segir hún.

„Ég sagði þá við sjálfa mig, þegar ég varð þrítug: Jæja, ég ætla að reyna að senda lagið mitt á nokkrar plötuútgáfur og reyna að komast á samning. Ef ekkert gerist ætla ég að flytja til Kaliforníu.“

Örlögin ætluðu Helenu þó annað ferðalag og fljótlega hafði danskt útgáfufyrirtæki samband. „Þarna fann ég útgáfufyrirtæki sem var rosalega hrifið af tónlistinni minni. Þau gáfu út stuttskífuna mína. Ég hafði reynt fyrir mér hjá færeyskum fyrirtækjum en markaðurinn í Danmörku var stærri og ég sá kannski fyrir mér að eignast meiri peninga þar,“ segir hún. „Þau gáfu þetta út og svo fékk ég frábæra dóma og fékk að spila úti um allt, þó að heimsfaraldurinn væri í hámarki. En ég fékk svona að spila þar sem fólk gat spilað. Á þessum litlu stöðum þar sem fólk sat. Og verkefnið bara stækkaði.“

Helena gaf út fyrstu breiðskífuna í janúar. „Svo spilaði ég á Hróarskelduhátíðinni og þetta hélt bara áfram að vinda upp á sig. Ég endaði á því að flytja bara ekkert til Kaliforníu eftir allt saman.“

Það er ekkert smáræði sem tekur við hjá Helenu eftir Airwaves, heldur fer hún til Danmerkur að spila sín stærstu gigg til þessa. „Ég er að spila á tveimur risatónleikum í nóvember og ætla líka að taka mér smávegis pásu,“ segir hún. „Mig langar rosalega að ná árangri sem tónlistarmaður á heimsmarkaði og ég hef þess vegna verið duglegur að spila á „showcase“ hátíðum síðustu mánuði, eins og Airwaves. Það er rosalega gaman, en það er rosalega mikil vinna fyrir ekkert kaup. Maður verður gríðarlega þreyttur.“

> ”
> **Ég er í fyrsta sinn á Airwaves. Mig hefur dreymt um þetta síðan ég var 15 ára.**

Aðspurð segir Helena að færeysk-danska blandan hjálpi mikið til við markaðssetningu. „Já, ég held það. Ég er lánsöm að vera hálf-færeysk og það hefur hjálpað varðandi fjármögnun. Ég hef fengið stuðning bæði frá dönsku og færeysku útflutningsskrifstofum tónlistar,“ segir hún.

„Fólki finnst líka færeyska hliðin svolítið exótísk og spennandi. Ég hef verið í senunni í Kaupmannahöfn þar sem allir eru svolítið í sínu hólfi. En í Færeyjum er samfélagið svo sterkt og allir mæta hjá öllum og þar hefur skapast mjög fallegt samfélag.“ ■

# Óvissa um framtíð Airwaves í Listasafninu

ninarichter@frettabladid.is

„Ég sé ekki betur en að við séum komin með góða grunnformúlu um hvernig sé best að halda hátíðina þannig að hún uppfylli allar skyldur og þetta sé viðráðanlegt, og nái svona nokkurn veginn að standa undir sér,“ segir Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri Senu live. Sena tók við sem rekstraraðili Airwaves-hátíðarinnar fyrir fimm árum. Hátíðin sem fram fór í síðustu viku var degi styttri en áður, og var það gert í því skyni að þjappa hátíðinni saman, sem Ísleifur kveðst ánægður með og hafa gefist vel.

Hvað varðar umfjöllun um hávaðamengun í borginni í tengslum við hátíðina af hálfu íbúa á svæðinu, svarar Ísleifur: „Ég á eftir að fá betri upplýsingar um þetta en mér skilst að það sé óvissa um hvort að við getum notað Listasafnið aftur,“ segir hann. „Þetta væru stórkostlegar hörmungarfréttir af því að þetta er hornsteinninn í hátíðinni og hefur verið það mjög lengi.“



Ísleifur Þórhallsson, framkvæmdastjóri viðburða hjá Senu live

Ísleifur segir Listasafnið vera staðinn þar sem stærstu nöfn hátíðarinnar koma fram. „Þetta tekur 1.000 manns og það er rosalega erfitt að finna annað pláss í staðinn fyrir Listasafnið. Tónleikastöðum í Reykjavík er ekki að fjölga, þeim er frekar að fækka, og þetta þrengir að hátíðinni,“ segir framkvæmdastjórinn.

Að sögn Ísleifs er miðborg Reykjavíkur stór hluti af Airwaves-hátíðinni. „Við lítum á það sem mjög mikilvægan hluta af því hvernig við stillum hátíðinni upp, að það sé stutt á milli tónleikastaða. Það er Airwaves, að rölta á milli, kíkja á böndin og fá meðmæli.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# Sagnameistarar

Tveir mjög svo ólíkir titlar – gaman og alvara




Gegn gangi leiksins
**6.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.




Þormóður Torfason
**6.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.



Ljóðskáld sem setið hefur inni fyrir morð þarf að sýna íbúð sem hann vill kannski ekki að seljist. Meinfyndin og listilega skrifuð skáldsaga eftir Braga Ólafsson sem er sannkallaður sagnameistari.

Stórbrotin ævisaga sem Bergsveinn Birgisson skrifar með sömu aðferð og hið rómaða rit sitt Leitin að svarta víkingnum. Sagnaritarinn Þormóður Torfason varð lagsbróðir og vinur Árna Magnússonar,en var síðar dæmdur til dauða fyrir að verða manni að bana



„Meistari hins óræða"
Einar Falur Ingólfsson, Morgunblaðinu (um Stöðu pundsins)

Dagbladet í Noregi

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 10. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndab-

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr. eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

**frettabladid.is**

**550 5000**
**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is
**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is
**PRENTUN** Torg ehf.
**DREIFING** Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

■ **Bakþankar**



**Péturs Georgs Markan**

# Að geta ekki annað

„Hér stend ég, og get ekki annað," eru orð sem söguúrvinnslan hefur eignað Marteini Lúther. Þar sem hann stendur einn gegnt valdhöfum tímans, veraldlegum og andlegum, og getur ekki annað en prédikað sannfæringu sína.

Evangelísk-lúthersk kirkja reis upp sem mótmæli við yfirvöld – í ljósi þessa getur kirkjan aldrei annað en verið pólitísk og mótandi í merkingunni að hún á að hafa skoðun á samfélaginu, hún er umbætandi og gerir kröfu um mildi milli manna. Í þeim anda verði alltaf lög.

Inntak og kjarni orðanna er einn af hornsteinum evangelískrar-lútherskrar kirkju – orðið er frjálst og maðurinn er frjáls þar sem hann stendur frammi fyrir guði sínum og örlögum. Þannig afbyggir Lúther alræði kaþólsku kirkjunnar með því að setja fram hugmynd um almennan prestdóm og ábyrgð hvers og eins á að lesa orðið og leggja út af orðinu. Mótmæli Lúthers urðu að einni mestu réttindabyltingu og valdeflingu almennings í seinni tíma – siðbótarinnar. Það sem hvíldi í orðum Lúthers öðru fremur var frelsun almennings til upplýsingar og þekkingar – frelsun hins kúgaða til mannréttinda og frelsis. Barátta sem á sér stað enn í dag – alla daga. Síðast í lágskýjuðu næturflugi að heiman á leið til Grikklands.

Það er því ekkert nýtt að kirkjan rýni samfélagsleg mál. Það er beinlínis hlutverk hennar og skylda. Miklu frekar eru þeir gagnrýniverðir tímarnir þar sem kirkjan hefur þagað þegar þörf var á rödd.

Evangelísk-lúthersk kirkja er kirkja fólksins. Á sögulegum grunni sínum horfir hún enn yfir sviðið og prédikar orðið frjáls. ■

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í KÓPAVOGI
ER Á DALVEGI







Svefn & heilsa ★★★★★
WWW.SVEFNOGHEILSA.IS

**VERSLANIR:**
ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S:581 2233

BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150

**OPIÐ:**
VIRKA DAGA.......KL. 10:00 -18:00
LAUGARDAGA....KL. 12:00 - 16:00

**UMBOÐSAÐILAR:**
HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR